

FMS 2024-16
ISBN 978-9935-522-40-5



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

VIÐHORF ÍSLENDINGA TIL FERÐAMANNA OG FERÐAÞJÓNUSTU 2023

Heildarskýrsla

SEPTEMBER 2024

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



**RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA**

© Ferðamálastofa 2024

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is
Titill: Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023 - Heildarskýrsla
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir
Númer: FMS 2024-16
ISBN: 978-9935-522-40-5

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

EFNISYFIRLIT

Myndræn samantekt á helstu niðurstöðum	4
1 Inngangur.....	6
2 Aðferðir og framkvæmd	8
2.1 Úrvinnsla og greining gagna.....	10
3 Niðurstöður könnunarinnar 2023	13
3.1 Viðhorf til fjölda ferðamanna.....	13
3.2 Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu.....	16
3.3 Áhrif á samfélag og daglegt líf.....	19
3.4 Áhrif á náttúru.....	24
3.5 Mat á ástandi innviða.....	25
4 Jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðaþjónustunnar	26
4.1 Jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar.....	26
4.2 Neikvæðar hliðar ferðaþjónustunnar	31
4.3 Samantekt	39
5 Núverandi viðhorf landsmanna	41
5.1 Helstu þemu 2023.....	41
5.2 Áhrifaþættir í viðhorfum landsmanna	44
6 Þróun og breytingar á viðhorfum landsmanna	49
6.1 Áhrifaþættir í viðhorfum landsmanna 2017-2023	51
7 Umræður og lokaorð	55
7.1 Ónæði hefur aukist og dregið úr almennri ánægju 2023.....	55
7.2 Stöðugleiki í viðhorfum til lengri tíma litið.....	56
7.3 Aukin gagnrýni á atvinnugrein og stjórnvöld	58
7.4 Lokaorð	59
Heimildir	61
Viðauki 1: Spurningalisti landskönnunar 2023	64
Viðauki 2: Bakgrunnsgreining og tíðnitöflur könnunar 2023	68

MYNDASKRÁ


Mynd 1 Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna 2014-2023	14
Mynd 2 Þróun í viðhorfum landsmanna til fjölda ferðamanna – meðaltöl og staðalfrávik	14
Mynd 3 Viðhorf til aðgerða sem hafa áhrif á fjölda ferðamanna.....	15
Mynd 4 Mat á efnahagslegu mikilvægi ferðaþjónustu í heimabyggðinni	16
Mynd 5 Mat á mikilvægi ferðaþj. sem undirstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi ...	16
Mynd 6 Mat á fjölda íbúa sem njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu í heimabyggð 17	
Mynd 7 Hversu mikill hluti þeirra tekna sem skapast í ferðaþjónustu verður eftir í heimab.	17
Mynd 8 Áhrif á atvinnulíf og þjónustu.....	18
Mynd 9 Hversu oft verðurðu var/vör við ferðamenn?.....	19
Mynd 10 Hvort bæta ferðamenn lífsgæði þín eða draga úr þeim?.....	19
Mynd 11 Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi	20
Mynd 12 Farþegar skemmtiferðaskipa trufla mig meira en aðrir ferðamenn	20
Mynd 13 Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna.....	21
Mynd 14 Viðhorf til áhrifa ferðamanna og ferðaþjónustu á samfélag.....	22
Mynd 15 Mat á skýrleika framtíðarsýnar hins opinbera fyrir íslenska ferðaþjónustu	23
Mynd 16 Mat á því hvort stefna stjórnvalda í ferðamálum taki tillit til áhrifa ferðaþjónustu á líf íbúa	23
Mynd 17 Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðaþjónustu?.....	23
Mynd 18 Mat á áhrifum ferðamanna á náttúru.....	24
Mynd 19 Mat landsmanna á ástandi innviða	25
Mynd 20 Jákvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að mati landsmanna	27
Mynd 21 Jákvæðustu þættir ferðaþjónustunnar að mati landsmanna 2017 og 2019.....	27
Mynd 22 Hlutfallsleg skipting jákvæðra svara 2017-2023.....	30
Mynd 23 Neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að mati landsmanna	32
Mynd 24 Neikvæðustu þættir ferðaþjónustunnar að mati landsmanna 2017 og 2019	32
Mynd 25 Hlutfallsleg skipting neikvæðra svara 2017-2023	36
Mynd 26 Orðaský um skemmtiferðaskip og -farþega 2017-2023.....	38
Mynd 27 Ummæli um skemmtiferðaskip og -farþega 2017-2023 eftir búsetu svarenda.....	39
Mynd 28 Jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðaþjónustu á Íslandi 2023.....	40

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1 Markmið og svörun á verkefnasvæðum markaðsstofa landshlutanna 2023	8
Tafla 2 Svarendur könnunarinnar 2014-2023	9
Tafla 3 Jákvæðustu þættir ferðapjónustunnar – áherslur landsmanna 2023	29
Tafla 4 Hlutfallsleg skipting jákvæðra svara og áherslur eftir landshlutum 2023	31
Tafla 5 Neikvæðustu þættir ferðapjónustunnar – áherslur landsmanna 2023	34
Tafla 6 Hlutfallsleg skipting neikvæðra svara og áherslur eftir landshlutum 2023	37
Tafla 7 Fjöldi svara um skemmtiferðaskip og -farþega 2017-2023	38
Tafla 8 Þættir og þáttahleðslur 2023	42
Tafla 9 Alfastuðlar þáttanna 2023	43
Tafla 10 Lýsandi tölfraði fyrir þættina	43
Tafla 11 Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á mati landsmanna á áhrifum ferðamanna 2023	45
Tafla 12 Tengsl milli mats íbúa á völdum atriðum og áhrifa á samfélag- og efnahagsþróun..	46
Tafla 13 Tengsl milli mats íbúa á völdum atriðum og ávinnings ferðapjónustu	47
Tafla 14 Tengsl milli mats íbúa á völdum atriðum og félags- og umhverfislegum áhrifum ferðapjónustu	48
Tafla 15 Þættir og þáttahleðslur í gagnasöfnunum 2017, 2019 og 2023	49
Tafla 16 Alfastuðlar þáttanna	50
Tafla 17 Lýsandi tölfraði fyrir þættina	50
Tafla 18 Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á mati á áhrifum ferðamanna og ferðapjónustu 2017-2023	51
Tafla 19 Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á mati á áhrifum ferðamanna og ferðapjónustu 2017-2023	52
Tafla 20 Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á upplifun landsmanna og áhrifum ferðamanna og ferðapjónustu 2017-2023	53


MYNDRÆN SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Heildarviðhorf landsmanna til ferðapjónustu á Íslandi



Markmið íslenskra stjórnvalda er að viðhorf heimamanna til ferðapjónustu mælist hátt. Mælikvarðinn er settur saman úr nokkrum spurningum sem mæla viðhorf landsmanna til ferðapjónustu og ná yfir margs konar viðhorf og skynjun íbúa á ferðapjónustu í heimabyggðinni.

Heildaránægja íbúa með ferðapjónustu í heimabyggðinni



Heildaránægja íbúa er hlutfall svarenda sem segjast á heildina litið vera ánægðir með ferðapjónustu í heimabyggð.

Mat á kostnaði og ávinningi sem hlýst af ferðapjónustu



Matið byggir á spurningunni „Á heildina litið er ávinningur sem hlýst af ferðapjónustu meiri en kostnaður“. Hlutfall svarenda sem hvorki var sammála né ósammála er ekki sýnt hér en nánari niðurstöður má sjá á mynd 14 í skýrslunni.

Mat íbúa á sjálfbærni ferðapjónustu í heimabyggðinni




Matið byggir á spurningunni „Á heildina litið tel ég ferðapjónustu í minni heimabyggð vera sjálfbæra“. Sjá nánar á mynd 14 í skýrslunni.

Stuðningur íbúa við vöxt ferðapjónustunnar



Stuðningur íbúa við vöxt ferðapjónustunnar er hlutfall svarenda sem telja að heimabyggð þeirra þurfi áframhaldandi markaðssetningu til að laða að fleiri ferðamenn. Sjá nánar á mynd 14.

Jákvæðustu og neikvæðustu áhrif ferðapjónustu á Íslandi 2023



▲ = fer upp um sæti 2023 ▼ = fer niður um sæti 2023 ★ = stendur í stað 2023
[Sæti röðun 2017; Sæti röðun 2019]

Sýnd er tíðni og inntak fimm algengustu svara landsmanna við opnum spurningum um jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar 2023 og stöðu þeirra á listanum 2019 og 2017.

1 INNGANGUR

Haustið 2023 fól Ferðamálastofa Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) umsjón með rannsókn á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu. Um er að ræða framhald rannsókna sem voru framkvæmdar á landsvísu 2014, 2017 og 2019 auk stuttra kannana 2021-2022 sem voru gerðar fyrir Jafnvægisás ferðamála¹. Rannsóknin, sem er skilgreind í rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2023-2025, er liður í vöktun á viðhorfum heimamanna og hluti af reglubundinni söfnun hins opinbera á samanburðarhæfum gögnum og greiningu á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku. Jafnframt tekur rannsóknin mið af þeim opinberu markmiðum að ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á nærsamfélagið og auki lífsgæði. Verkefnið safnar gögnum fyrir mælikvarða Jafnvægisáss ferðamála, sjálfbærnivísa aðildarlanda Ferðamálaráðs Evrópu (ETC) og fyrir markmið stjórnvalda um að landsmenn hafi jákvætt viðhorf til ferðaþjónustunnar.

Rannsóknin var tvíþætt og skiptist í A- og B-hluta. A-hluti er símakönnun lögð fyrir lagskipt úrtak landsmanna frá 18 ára aldri til allt að 85 ára aldurs sem búa á verkefnasvæðum áfangastaðastofanna sjö sem starfa á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Reykjanesi, Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. B-hlutinn er sérstök viðbótarkönnun sem hefur að markmiði að fá innsýn í viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa- og farþega þeirra við þrjár stærstu móttökuhafnir skemmtiferðaskipa hér á landi og hvort munur sé á viðhorfum íbúa milli hafnarsamfélaganna. Slík könnun hefur ekki verið gerð áður.

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður greininga á gögnum úr A-hluta rannsóknarinnar um viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023 ásamt samanburði við fyrri landskannanir allt frá 2014. Gerð var símakönnun meðal úrtaks landsmanna undir lok árs 2023. Notast var við staðlaðan spurningalista sem byggir á víðtækri heimildarýni og fræðilegri úttekt á erlendum og innlendum rannsóknum á viðhorfum heimamanna. Spurningalistinn hefur verið í þróun frá því fyrsta landskönnunin var gerð árið 2014 og endurskoðaður og uppfærður í takt við þróun greinarinnar og áherslur stjórnvalda um öflun áreiðanlegra gagna. Niðurstöður rannsóknarinnar eru samanburðarhæfar við fyrrnefndar kannanir á landsvísu og varpa ljósi á það hvort og að hvaða leyti viðhorf Íslendinga og íbúa á verkefnasvæðum áfangastaðastofanna hafa breyst frá síðustu könnunum. Auk þessarar skýrslu voru niðurstöður rannsóknarinnar settar fram í sjö samantektarskýrslum með niðurstöðum fyrir viðkomandi verkefnasvæði markaðsstofa landshlutanna, einni fyrir hvern landshluta. Að lokum voru niðurstöður úr B-

¹ Þess á milli hafa verið gerðar rannsóknir á nokkrum þéttbýlistöðum.

hluta könnunarinnar um viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa og -farþega, sem var lögð fyrir úrtak íbúa á Akureyri, Ísafirði og í Reykjavík haustið 2023, birtar í samantekt Ferðamálastofu í desember 2023 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2023).

Verkefnastjórn, greining og skýrsluvinna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Umsjón með framkvæmd símakönnunar og úrvinnslu hrágagna hafði Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Skýrslunni fylgja tíðnitöflur og bakgrunnsgreining fyrir allar spurningar könnunarinnar.

Skýrslan er í sjö köflum en hér á undan inngangi má sjá myndræna samantekt á niðurstöðum valinna spurninga úr könnuninni ásamt samanteknum mælikvarða vegna markmiða stjórnvalda um að viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu mælist hátt. Á eftir inngangi er gerð grein fyrir gögnum og aðferðafræði rannsóknarinnar en þar á eftir eru fjórir niðurstöðukaflar. Í þeim fyrsta er niðurstöðum könnunarinnar 2023 og samanburði við gögn úr fyrri landskönnunum gerð skil með lýsandi tölfræði. Í öðrum kafla eru niðurstöður greiningar á svörum landsmanna við opnum spurningum um jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðaþjónustu. Því næst er gerð grein fyrir niðurstöðum þátta- og aðhvarfsgreiningar sem gefur skýrari mynd af ánægju og helstu áhyggjum íbúa árið 2023. Að endingu er fjallað um þróun og breytingar á viðhorfum landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu í tímans rás. Þessi greining veitir innsýn í samband viðhorfa og lýðfræðilegra þátta annars vegar og hins vegar upplifunar og reynslu landsmanna af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggðinni. Kannað er hvaða breytur hafa mest áhrif á viðhorf landsmanna til langtíma. Í lok skýrslunnar eru teknir saman helstu umræðupunkturar ásamt lokaorðum.

2 AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Símakönnunin var gerð meðal landsmanna á tímabilinu 27. október til 19. desember 2023. Tekið var lagskipt slembiúrtak íbúa úr þjóðskrá af hverju af sjö verkefnasvæðum markaðsstofa landshlutanna og var miðað að því að ná að lágmarki 356-379 svörum á hverju svæði fyrir sig (tafla 1). Markmið um fjölda svara náðust í þremur landshlutum en taka þurfti viðbótarúrtak til að ná ásættanlegum fjölda svara í hinum fjórum. Meðan gagnaöflun stóð yfir hófst öflug jarðskjálftahrina á Reykjaneskaga og fundust skjálftarnir víða um suðvesturhorn landsins. Jarðhræringarnar, eldsumbrot og atburðirnir í Grindavík höfðu áhrif á þátttöku í könnuninni í flestum landshlutum en þó hvergi meira en á Suðurnesjum þar sem svarhlutfall var lægst.

Tafla 1 Markmið og svörun á verkefnasvæðum markaðsstofa landshlutanna 2023

Svæði	Markmið	Fengin svör
Austurland	364	377
Höfuðborgarsvæði	379	345
Norðurland	375	377
Suðurland	374	375
Suðurnes	374	275
Vestfirðir	356	334
Vesturland	369	336

Í heildina var hringt í 5.781 einstakling og fengust 2.419 svör (41,9% svarhlutfall). Í töflu 2 má sjá úrtak og bakgrunn svarenda á landinu öllu 2014-2023. Árið 2014 var tekið tilviljanaúrtak einstaklinga 18 ára og eldri og ekki mögulegt að greina svör eftir búsetu í landshlutum. Upplýsingum um búsetu svarenda eftir landshlutum var ekki safnað árið 2014 og upplýsingum um kyn, menntun, stöðu á vinnumarkaði og hvort svarendur störfuðu við ferðaþjónustu var ekki safnað árin 2021 og 2022. Hlutfall svarenda í yngsta aldurshópnum er iðulega lægra en annarra hópa þar sem færri einstaklingar í þessum hópi hafa skráð símanúmer.

Tafla 2 Svarendur könnunarinnar 2014-2023

	2014 (N=1167)	2017 (N=2324)	2019 (N=2622)	2021 (N=2604)	2022 (N= 2595)	2023 (N=2419)
<i>Kyn</i>						
Karl	47%	51%	51%	-	-	51%
Kona	53%	49%	49%	-	-	49%
<i>Aldur</i>						
18-29 ára	19%	12%	12%	12%	6%	7%
30-44 ára	26%	25%	24%	25%	22%	24%
45-59 ára	28%	31%	30%	27%	29%	27%
≥60 ára	27%	32%	34%	36%	43%	42%
<i>Menntun</i>						
Grunnsk.nám eða minna	21%	22%	23%	-	-	20%
Stúdentspr. eða iðnnám	36%	34%	31%	-	-	30%
Annað starfsnám	5%	7%	9%	-	-	11%
Háskólapróf	37%	36%	37%	-	-	39%
<i>Staða á vinnumarkaði</i>						
Í launuðu starfi	54%	59%	56%	-	-	51%
Sjálfst. starfandi/atvinnur.	14%	16%	18%	-	-	18%
Á eftirlaunum	14%	15%	15%	-	-	22%
Annað	18%	11%	12%	-	-	8%
<i>Búseta</i>						
Austurland	-	15%	14%	14%	14%	16%
Höfuðborgarsvæði	-	16%	15%	15%	15%	14%
Norðurland	-	15%	14%	14%	14%	16%
Suðurland	-	15%	15%	14%	14%	16%
Suðurnes	-	12%	14%	14%	14%	11%
Vestfirðir	-	13%	14%	14%	14%	14%
Vesturland	-	14%	14%	14%	14%	14%
<i>Starfar í ferðapjónustu</i>						
Já	12%	19%	17%	-	-	13%
Nei	88%	81%	83%	-	-	87%

Við undirbúning könnunarinnar var sérstaklega horft til nokkurra þátta:

1. Að spurningar í landskönnun (A-hluta) verði í grunninn þær sömu og voru í könnunum 2014, 2017 og 2019.
2. Að með könnuninni yrði safnað gögnum fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum Jafnvægisáss ferðamála eins og tiltekið er í Rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2023-2025: Ánægja með fjölda ferðamanna (D.4.1). Ónæði af völdum ferðamanna í daglegu lífi (D.4.2.1). Hlutfall heimamanna sem forðast að heimsækja ákveðna fjölsóttu staði (D.4.2.2). Afstaða til efnahagslegs ávinnings samfélagsins af ferðapjónustu (D.4.3). Afstaða til breytinga á íslensku samfélagi vegna ferðapjónustunnar (D.4.4). Ástand gönguleiða (B.6.6.1). Neikvæð áhrif ferðamanna á náttúru (B.6.6.2). Aukinn aðgangur að náttúru (B.6.6.3).

Í spurningalistanum voru 35 spurningar um viðhorf til ferðamanna og ferðapjónustu í heimabyggð svarenda að viðbættum spurningum um bakgrunn (viðauki 1). Flestar

spurningarnar höfðu fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur tóku afstöðu til. Spurningar sem snúa að jákvæðustu og neikvæðustu hliðum ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni höfðu ekki fyrirfram gefna svarmöguleika og gafst íbúum kostur á að svara þeim með eigin orðum.

2.1 Úrvinnsla og greining gagna

Við úrvinnslu gagna var notast jafnt við SPSS og Excel. Nýjustu gögnin, þ.e. úr könnuninni 2023, voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja spurningu og marktektarpróf gerð sem meta hvort tölfræðilega marktækur munur sé á hlutföllum mismunandi hópa. Með vísan til spurninganúmera í viðauka 1 voru gerð marktektarpróf með samanburði meðaltala fyrir spurningar nr. 2 og 3, 5 til 24 og 27 til 33 (allir liðir). Annars vegar var gert T-próf fyrir tveggja hópa bakgrunnspætti og hins vegar einhliða ferveikagreining (ANOVA) fyrir bakgrunnspætti með fleiri en tvo hópa. Kí-kvaðrat-próf var notað í spurningum 1, 4, 25, 26 og 35 og bakgrunnsbreytur (kyn, aldur, menntun, búseta, staða á vinnumarkaði og starf í ferðaþjónustu). Tölfræðileg marktækni er gefin til kynna með bláum stjörnutáknum við bakgrunnspættina á eftirfarandi hátt: Ein stjarna táknar að segja má með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu milli hópa sé einnig til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur tákna að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur tákna að munurinn sé með 99,9% vissu til staðar meðal landsmanna 2023.

Í viðauka 2 eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar 2023 á landsvísu annars vegar settar fram í tíðnitöflum og hins vegar töflum sem sýna hlutföll og fjölda svara skipt eftir sömu bakgrunnspáttum og koma fram í töflu 2. Við greiningu á bakgrunnspættinum *búsetu* var horft til áðurnefndra verkefnasvæða markaðsstofa landshlutanna. Einstaklingar með póstnúmer í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ flokkuðust sem höfuðborgarbúar. Við greiningu á bakgrunnspættinum *stöðu á vinnumarkaði* voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir. Í töflum með bakgrunnsgreiningum eru birt svör þeirra sem tóku afstöðu til viðkomandi spurningar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Þess ber að geta að í úrvinnslu gagna voru einnig teknar saman tíðnitöflur og bakgrunnsgreining hvernar spurningar fyrir hvert verkefnasvæðanna sjö en þau gögn má finna í viðaukum samantektarskýrslna landshlutanna.

Í öðru lagi var gerð samanburðargreining við niðurstöður fyrri kannana sem voru framkvæmdar á landsvísu árin 2014², 2017, 2019, 2021 og 2022 til að meta mögulegar breytingar á viðhorfum landsmanna. Framkvæmd þessara kannana var með sama hætti og nú sem gefur möguleika á þessum samanburði. Gagnasöfnin voru samkeyrð til að kanna hvort tölfræðilegur munur væri til staðar í svörum landsmanna. Marktektaþrófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur miðað við 99,9% öryggismörk væri á svörum milli kannana. Gögnin úr könnuninni 2014 voru vigtuð til að leiðrétta skekkju sem var til staðar. Hafa ber í huga að könnunin sem var gerð árið 2014 er frábrugðin síðari könnunum að því einu að úrtak var unnið á annan hátt og gefur hún eingöngu kost á samanburði á landsvísu og við höfuðborgarsvæðið en ekki eftir öðrum landshlutum. Þá voru gerðar stuttar kannanir fyrir fimm vísa á Jafnvægisási ferðamála árin 2020 og 2021³. Í kafla 3 er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar 2023 ásamt samanburði við fyrri landskannanir þar sem lýsandi tölfræði er beitt.

Í þriðja lagi var gerð greining á svörum við opnum spurningum í landskönnun 2023 sem snéru að jákvæðustu og neikvæðustu áhrifum ferðaþjónustunnar að mati landsmanna. Svörin voru þemaflokkuð til að finna helstu áherslur en gögn frá 2017 og 2019 eru notuð til samanburðar til að kanna hvort breytingar hafi átt sér stað. Niðurstöður greiningarinnar er að finna í kafla 3.

Í fjórða lagi voru gerðar þátta- og aðhvarfsgreiningar á gagnasöfnunum. Annars vegar var gerð þátta – og aðhvarfsgreining á gögnunum 2023 til að draga fram helstu þemu sem einkenna viðhorf landsmanna árið 2023, meta viðhorf mismunandi hópa og áhrif annarra þátta sem byggja á upplifun landsmanna og daglegri reynslu sem geta mótað viðhorf þeirra til ferðamanna og ferðaþjónustu. Þáttagreiningin er tölfræðiaðferð sem er notuð til að einfalda flókin gögn með því að leita að undirliggjandi þáttum sem geta útskýrt tengsl milli margra breyta. Þáttagreiningin dregur saman tengdar spurningar og leitast við að draga fram þá hópa af spurningum sem hafa svipaða svörun og gefur vísbendingar um sameiginlega þætti eða viðhorf. Þeir þættir sem komu fram voru notaðir í línulega aðhvarfsgreiningu til að meta hvort

2 Árið 2014 var tekið 2000 manna tilviljanaúrtak einstaklinga 18 ára og eldri. Við greiningu var svarendum skipt í þrennt eftir búsetu; höfuðborgarsvæði, kraga kringum höfuðborg og á landsbyggð. Greining eftir annars konar svæðisskiptingu er ekki möguleg.

³ Um var að ræða sex spurningar sem voru lagðar fyrir úrtak landsmanna í öllum landshlutum sem gefa niðurstöður fyrir fimm vísa. Þeir eru: D.4.1 (Ánægja Íslendinga með fjölda ferðamanna í heimabyggð), D.4.2 (Forðast ákveðna staði vegna ferðamanna), D.4.4 (Samfélagsbreytingar vegna ferðaþjónustu), D.4.2.1 (Ónæði í daglegu lífi) og D.4.3 (Efnahagslegur ávinningur). Sjá nánar á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/jafnvaegisas-ferdamala/#Tab0>.

ein hver breyting hafi orðið á tímabilinu á viðhorfum þeirra að teknu tilliti til annarra þátta. Kannað var hvaða tengsl væru til staðar milli þáttanna sem komu fram í þátttagreiningunni og annarra sem byggja á upplifun og daglegri reynslu landsmanna sem móta viðhorf þeirra til ferðamanna og ferðaþjónustu. Valdar voru fjórar spurningar sem snúa að því hvort landsmenn verði varir við ferðamenn í heimabyggðinni, hvert viðhorf þeirra til fjölda ferðamanna er eftir tímabilum (að sumri og vetri til) og mati þeirra á áhrifum ferðamanna á lífsgæði sín. Kannað var hvort marktækur munur væri milli hópa og hvar munurinn liggur. Einhliða ferveikagreining (ANOVA) var gerð til að bera saman meðaltöl tveggja hópa til að sjá hvort marktækur munur sé til staðar. Tukey eftirapróf var síðan notað til að kanna hvar munurinn liggur. Þessari greiningu eru gerð skil í 5. kafla. Hins vegar voru gerðar þátta- og aðhvarfsgreiningar á gagnasöfnunum frá árunum 2017, 2019 og 2023 sem greint er frá í 6. kafla. Þessi greining veitir innsýn í hvernig áhrif ferðaþjónustunnar hafa breyst með tímanum og hvernig samband viðhorfa og lýðfræðilegra þátta annars vegar og hins vegar upplifunar og áhrif reynslu landsmanna af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggðinni hefur þróast.

3 NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR 2023

Í þessum kafla er niðurstöðum úr öllum spurningum könnunarinnar 2023 gerð skil ásamt samanburðargreiningu við niðurstöður fyrri kannana á landsvísu árin 2014, 2017, 2019, 2021 og 2022 til að meta mögulegar breytingar á svörum landsmanna við einstaka spurningum. Tekið skal fram að í kaflanum eru niðurstöður eingöngu settar fram fyrir landið allt en niðurstöður fyrir einstaka landshluta má finna í sérstökum samantektarskýrslum sem unnar voru um hvern landshluta.


Í kaflanum er ekki gerð grein fyrir niðurstöðum hvernar spurningar með tilliti til breytinga á svörum mismunandi hópa en greiningu á sambandi bakgrunnspáttanna kyns, aldurs, menntunar, stöðu á vinnumarkaði, búsetu og hvort einstaklingar starfi við ferðaþjónustu er gerð skil í köflum 5 og 6. Að auki er bent á töflur með niðurstöðum könnunarinnar 2023 í viðauka 2 sem sýna hlutföll og fjölda svara hvernar spurningar skipt eftir bakgrunnspáttum ásamt niðurstöðum marktektarprófa.

3.1 Viðhorf til fjölda ferðamanna

Viðhorf landsmanna til fjölda ferðamanna að sumri og vetri til hafa verið mæld frá árinu 2014. Mynd 1 sýnir að meirihluta landsmanna hefur þótt fjöldi ferðamanna vera hæfilegur á sumrin. Hlutfall þessa hóps hefur verið á bilinu 61-68%. Árið 2014 var um þriðjungur landsmanna á því að ferðamenn væru orðnir of margir en í næstu könnunum þar á eftir, 2017, 2019 og 2021 sést að það fækkaði í þeim hópi. Hins vegar fjölgaði aðeins þeim sem álíta fjölda ferðamanna of mikinn árið 2023, hafa þeir raunar aldrei verið fleiri og er breytingin marktæk. Á bilinu 6-20% landsmanna hafa talið að of fáir ferðamenn væru yfir sumarið og voru flestir á þeirri skoðun á Covid-tímabilinu (2021).


Ólíkt viðhorfum til ferðamanna að sumri til kom fram áberandi tvískipting viðhorfa til fjölda ferðamanna yfir vetrartímamann í könnuninni 2014. Þá kom í ljós að um það bil helmingur landsmanna var á því að ferðamenn væru of fáir og álíka stór hópur taldi ferðamenn vera hæfilega marga. Eins og sjá má á mynd 1 skiptast landsmenn enn í tvær fylkingar um fjöldann. Afar fáir hafa talið fjölda ferðamanna vera of mikinn yfir vetrartímamann eða á bilinu 3-7%.

Mynd 1 Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna 2014-2023



Á mynd 2 má sjá þróun í viðhorfum landsmanna til fjölda ferðamanna að sumri og vetri til en myndin byggir á meðaltölum á svörum úr könnunum 2014-2023 ásamt staðalfrávikum sem segir til um dreifingu svara kringum meðaltalið. Meðaltal fyrir viðhorf til fjölda ferðamanna á sumrin lækkaði jafnt og þétt frá 2017-2021 sem gefur til kynna að fjöldinn var hæfilegur. Frá 2021 hefur meðaltalið hækkað um 0,1 í hverri könnun og er það til marks um að fleiri landsmenn en áður eru á því að ferðamenn hafi verið of margir yfir sumartímann. Viðhorf til fjölda að vetri til hafa verið stöðugri þar sem mælingar hafa iðulega sýnt að meirihluta landsmanna finnst ferðamenn vera of eða heldur fáir að vetri til. Lækkun á meðaltali milli ára 2021-2022 gefur til kynna fjölgun í hópi landsmanna sem telja ferðamenn vera of fáa að vetri til. Líklega hefur breytingin verið tímabundin og í tengslum við fækkun ferðamanna í landinu á þessu tímabili vegna kórónuveirufaraldursins.


Mynd 2 Þróun í viðhorfum landsmanna til fjölda ferðamanna – meðaltöl og staðalfrávik



*1=of fáir 2=heldur fáir 3= hæfilegur fjöldi 4=heldur margir 5=of margir

Í könnuninni 2023 var spurt um viðhorf landsmanna til nokkurra aðgerða sem gætu haft áhrif á fjölda ferðamanna (mynd 3). Skiptar skoðanir voru á nauðsyn þess að halda áfram markaðssetningu í því skyni að laða að fleiri ferðamenn í heimabyggðina. Rúmlega helmingur (57%) svarenda var fylgjandi áframhaldandi markaðssetningu en um þriðjungur (29%) var á móti. Þá skiptust landsmenn í tvær fylkingar um það hvort nauðsynlegt væri að takmarka komur erlendra ferðamanna hingað til lands en hlutfall íbúa sem voru á móti takmörkunum var þó ívið hærra en þeirra sem töldu þær nauðsynlegar. Einnig voru skoðanir skiptar á nauðsyn takmarkana á komur skemmtiferðaskipa til landsins en um það var spurt í nýrri spurningu í könnuninni. Á landsvísu var rúmlega helmingur (55%) svarenda fylgjandi takmörkunum en um 28% svarenda voru á móti. Um 17% svarenda tóku hvorki afstöðu með né á móti.


Mynd 3 Viðhorf til aðgerða sem hafa áhrif á fjölda ferðamanna




3.2 Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu

Líkt og í fyrri könnunum voru íbúar ekki í neinum vafa um efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu. Þrátt fyrir það hefur hlutfall íbúa sem svo taldi alls staðar dregist lítillega saman frá síðustu könnun, úr 91% í 87% (mynd 4). Áfram er þó mikil trú á að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt atvinnulíf næstu áratugina (mynd 5).

Mynd 4 Mat á efnahagslegu mikilvægi ferðapjónustu í heimabyggðinni




Mynd 5 Mat á mikilvægi ferðapjónustu sem undirstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi




Um fjórir af hverjum tíu landsmönnum eru á því annars vegar að margir íbúar í heimabyggðinni njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu (39%) og hins vegar að fáir njóti ávinningsins (40%). Hlutfall fyrrnefnda hópsins hefur dregist jafnt og þétt saman frá 2019 og er breytingin marktæk. Hins vegar hækkaði marktækt hlutfall landsmanna sem voru þeirrar skoðunar að lítill hluti tekna sem skapast af ferðaþjónustu í heimabyggðinni yrði eftir á svæðinu, fór úr 29% í 35% (myndir 6-7).

Mynd 6 Mat á fjölda íbúa sem njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu í heimabyggð




Mynd 7 Hversu mikill hluti þeirra tekna sem skapast í ferðaþjónustu verður eftir í heimabyggð að mati landsmanna




Þótt meirihluti landsmanna (78%) sé áfram jákvæður í viðhorfum til áhrifa ferðapjónustu á atvinnufjölbreytni í heimabyggð hefur fækkað marktækt í þeim hópi frá síðustu mælingu árið 2019 þegar 84% voru á þessari skoðun (mynd 8). Þá hefur hlutfall íbúa sem hafa nýtt sér þjónustu sem ferðapjónustan hefur leitt af sér lækkað marktækt frá 2019. Í könnuninni 2023 töldu um sjö af hverjum tíu (68%) landsmönnum ferðamenn ekki hafa takmarkað aðgengi annarra að þjónustu og hefur þeim, sem svo sögðu, fækkað lítillega frá könnuninni 2019 þegar átta af hverjum tíu voru þessarar skoðunar.

Mynd 8 Áhrif á atvinnulíf og þjónustu


Ferðapjónusta eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð



Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér



Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð




■ Mjög ósammála
 ■ Frekar ósammála
 ■ Hvorki sammála né ósammála
 ■ Frekar sammála
 ■ Mjög sammála

3.3 Áhrif á samfélag og daglegt líf


Hlutfall landsmanna sem urðu daglega varir við ferðamenn hélt áfram að dragast saman milli kannana, árið 2017 var þetta hlutfall 78%, 68% 2019 og 64% árið 2023. Áfram fjölgaði í hópi þeirra sem urðu varir við ferðamenn 1-3 sinnum í viku. Þessi breyting á landsvísu milli kannana reyndist marktæk. Þrátt fyrir þessar breytingar sjá enn 89% landsmanna ferðamenn í hverri viku.

Mynd 9 Hversu oft verðurðu var/vör við ferðamenn?




Rúmlega helmingur (52%) landsmanna taldi ferðamenn ekki hafa nein áhrif á lífsgæði sín en um 42% taldi þá bæta lífsgæðin. Er um breytingu að ræða frá könnunni 2019 þegar 52% svarenda töldu ferðamenn bæta lífsgæði sín. Um 6% landsmanna sagði að lífsgæðin hefðu versnað, árið 2019 voru 4% á þeirri skoðun.

Mynd 10 Hvort bæta ferðamenn lífsgæði þín eða draga úr þeim?




Ónæði⁴ vegna ferðamanna virðist hafa aukist lítillega (mynd 11). Hlutfall landsmanna sem hafa orðið fyrir ónæði hefur á tímabilinu hækkað úr 7% í 10% og er breytingin marktæk. Engu að síður telur meirihlutinn, eða um 83% íbúa landsmanna, ferðamenn ekki valda ónæði. Um þrír af hverjum fjórum landsmönnum töldu sig ekki verða fyrir meiri truflun af hálfu skemmtiferðaskipafarþega heldur en annarra ferðamanna. Þetta kom fram í nýrri spurningu í könnuninni og má sjá á mynd 12. Um 17% landsmanna töldu skemmtiferðaskipafarþega trufla sig meira. Um helmingur landsmanna kveðst forðast ákveðna staði á landinu vegna aukinnar umferðar ferðamanna (mynd 13). Frá tveimur síðustu könnunum hefur fjölgað marktækt í hópi þeirra sem forðast ákveðna staði og svipar stöðunni nú til þess sem var árið 2017.

Mynd 11 Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi




Mynd 12 Farþegar skemmtiferðaskipa trufla mig meira en aðrir ferðamenn



⁴ Settur er fyrirvari á samanburð niðurstaðna milli kannana fyrir spurninguna „Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi“. Orðalag spurningarinnar breyttist milli kannana og var árið 2017 „Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður“.


Mynd 13 Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að margi ferðamenn er að finna




Á mynd 14 má sjá niðurstöður nokkurra spurninga um viðhorf til áhrifa ferðamanna og ferðaþjónustu á samfélag. Meirihluti landsmanna er ánægður með ferðaþjónustu í samfélaginu og telja margir að ferðaþjónusta hafi breytt íslensku samfélagi til hins betra. Hlutfall þeirra sem voru á því að ferðaþjónustan hafi bætt samfélagið hefur verið á bilinu 53-67%. Þá hefur meirihluti landsmanna (83-91%) verið sáttur við að samfélagið tæki breytingum vegna ferðaþjónustu. Meirihlutinn (76%) var á því að ávinningur af ferðaþjónustu væri meiri en kostnaðurinn sem af henni hlýst. Um þetta var spurt í nýrri spurningu í könnuninni. Aðeins um 11% svarenda í könnuninni voru á því að kostnaðurinn væri meiri en ávinningurinn. Þrátt fyrir að landsmenn líti samfélagsbreytingar af völdum ferðaþjónustu almennt jákvæðum augum virðist hafa dregið úr almennri ánægju með ferðaþjónustu frá síðustu mælingu. Breytingin úr því að 85% landsmanna voru ánægðir með ferðaþjónustuna í samfélaginu árið 2019 í 77% 2023 reyndist marktæk. Að auki hefur dregið úr trú íbúa á sjálfbærni ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni og hefur hlutfallið lækkað marktækt úr 66% árið 2019 í 60% árið 2023.

Mynd 14 Viðhorf til áhrifa ferðamanna og ferðapjónustu á samfélag


Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra




Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðapjónustu




Á heildina litið tel ég ferðapjónustu í minni heimabyggð vera sjálfbæra



Á heildina litið er ávinningur sem hlýst af ferðapjónustu meiri en kostnaður



Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðapjónustu í mínu samfélagi




■ MJög ósammála
 ■ Frekar ósammála
 ■ Hvorki sammála né ósammála
 ■ Frekar sammála
 ■ MJög sammála


Á myndum 15 og 16 má sjá viðhorf landsmanna til atriða sem tengjast stefnu stjórnvalda um íslenska ferðapjónustu. Árið 2014 var einn af hverjum tíu landsmönnum á því að framtíðarsýn stjórnvalda fyrir íslenska ferðapjónustu væri skýr og árið 2023 hafði ekki fjölgað í þeim hópi. Hins vegar fjölgaði umtalsvert í hópi landsmanna sem telja framtíðarsýnina að hluta til skýra. Á móti fækkaði þeim sem þótti hún óskýr og eru þeir nú um sex af hverjum tíu. Skiptar skoðanir eru á því hvort ferðamálastefna stjórnvalda tekur tillit til áhrifa ferðapjónustu á líf íbúa en hér er um að ræða nýja spurningu. Um helmingi landsmanna (48%) þótti ferðamálastefna

stjórnvalda ekki taka tillit til áhrifa ferðapjónustu á líf íbúa. Um það bil fjórðungur (23%) svarenda er sammála eða mjög sammála því að ferðamálastefna stjórnvalda taki nægilega vel til áhrifa ferðapjónustu á líf íbúa og annar fjórðungur (29%) var óviss.

Mynd 15 Mat á skýrleika framtíðarsýnar hins opinbera fyrir íslenska ferðapjónustu




Mynd 16 Mat á því hvort stefna stjórnvalda í ferðamálum taki tillit til áhrifa ferðapjónustu á líf íbúa



Landsmenn voru nokkuð afgerandi í skoðunum um stöðu íslenskrar tungu í ferðapjónustu. Á mynd 17 má sjá að sjö af hverjum tíu landsmönnum töldu sig hafa nokkuð miklar eða mjög miklar áhyggjur af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðapjónustu svo sem á skiltum, heimasíðum, matseðlum, nöfnum fyrirtækja o.fl.

Mynd 17 Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðapjónustu?




3.4 Áhrif á náttúru

Meirihluti landsmanna (66%) er áfram þeirrar skoðunar að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi að náttúru landsins (mynd 18). Flestir voru sammála þessu árið 2019 (68%). Þrátt fyrir lítilsháttar sveiflur í svörum í gegnum árin er heildarmynstrið tiltölulega stöðugt og bendir allt til þess að meirihluti landsmanna telji ferðamenn auka aðgengi að náttúrusvæðum innanlands.


Landsmönnum sem telja ferðamenn spilla náttúru landsins hefur ekki fjölgað frá 2019. Samanlagt hlutfall landsmanna sem voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni er 48% líkt og var 2019. Svipað var upp á teningnum árið 2014 en þá voru 47% þessarar skoðunar. Árið 2017 var hins vegar liðlega helmingur landsmanna eða 57% á því að ferðamenn spilli náttúru landsins. Á heildina litið benda gögnin þó til þess að þrátt fyrir áhyggjur meðal íbúa af áhrifum ferðaþjónustu á náttúruna þá sé landsmönnum sem telja ferðamenn ekki spilla náttúru landsins að fjölga og er hlutfall þessa hóps nú í 30% og hefur ekki verið hærra síðan 2014 en voru 42% landsmanna á því að ferðamenn spilltu ekki náttúrunni.

Mynd 18 Mat á áhrifum ferðamanna á náttúru

Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins



Ferðamenn spilla náttúru landsins




■ Mjög ósammála ■ Frekar ósammála ■ Hvorki sammála né ósammála ■ Frekar sammála ■ Mjög sammála

3.5 Mat á ástandi innviða

Mynd 19 sýnir að landsmenn eru enn á þeirri skoðun að ástand göngustíga og gönguleiða, bílastæða, skilta og merkinga sé almennt gott. Mestar áhyggjur hafa þeir af ástandi salerna og af almenningssamgöngum. Marktækur munur var á svörum frá síðustu könnun á öllum þáttunum sem spurt var um þótt yfirleitt hafi verið um blæbrigðamun að ræða. Þannig virðast svarendur hafa verið mildari í svörum nú en í könnuninni 2019 sem sést best á fjölgun svarenda sem völdu valkostinn „frekar“ umfram valkostinn „mjög“ sem gæti verið merki um hófstiltari væntingar til innviða ferðaþjónustunnar heldur en að íbúar telji að ástand innviðanna hafi versnað. Undantekningin frá þessu er ástand vegakerfisins sem landsmönnum þótti hafa batnað frá síðustu könnun og ástand almenningssalerna sem fær áfram falleinkunn.

Mynd 19 Mat landsmanna á ástandi innviða



4 JÁKVÆÐAR OG NEIKVÆÐAR HLIÐAR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Til að fá fram vísbendingar um hvaða þætti ferðaþjónustunnar hér á landi landsmenn upplifa á jákvæðan og neikvæðan hátt voru svarendur beðnir um að svara hvað væri jákvæðast við ferðaþjónustu í þeirra heimabyggð og hvað væri neikvæðast. Um var að ræða tvær opnar spurningar og gátu svarendur tiltekið eitt til tvö atriði við hvora spurningu sem ekki voru afmörkuð í fyrirfram gefnum svarmöguleikum. Þessar spurningar voru einnig í könnunum 2017 og 2019. Þessi greining á svörum landsmanna byggir á hugmyndum um að tengsl séu milli þróunar ferðaþjónustu og lífsgæða íbúa sem gefi vísbendingar um stuðning íbúa við ferðaþjónustuna (Munanura og Klein, 2023; Ridderstraat, Croes, og Nijkamp, 2016; Andereck og Nyaupane, 2011; Gjerald, 2005).

Í þessum kafla er svörum landsmanna um jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar 2023 gerð skil ásamt samanburði við 2017- 2019. Fyrst var kannað hvaða atriði væru áberandi í svörum landsmanna með svo kölluðu orðaskýi (e. *word cloud*) en skýin eru sköpuð úr orðum svarenda. Leturstærð orðaskýsins endurspeglar tíðni svara þannig að eftir því sem letrið er stærra, því oftast kemur tiltekið atriði fyrir í svörum landsmanna. Í eftirvinnslu gagna voru innsláttar- og málfarsvillur lagfærðar en ekki var átt við aðra beygingarþætti. Af þeim sökum geta sum svör í orðaskýjum verið svipuð (t.d. eintala/fleirtala, stigbreyting, með/án greinis). Til að fá skýrari mynd af innihaldi svaranna voru svörin flokkuð með kerfisbundnum hætti og þau greind eftir efnislegu innihaldi á sömu forsendum og gert var við gögnin 2017 og 2019 (sjá Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020; Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl., 2018). Þá voru áherslur í svörum bornar saman við niðurstöður 2019 og 2017 til að kanna hvort breytingar hafi átt sér stað.

Heildarfjöldi jákvæðra svara 2023 var tæplega 2.300 sem er talsvert minna en 2019 (2.938) og 2017 (2.817). Heildarfjöldi neikvæðra svara voru rúmlega 1.700 en þau voru um 1.560 árið 2019 og um 1.800 árið 2017. Alls voru 23 svör felld út úr jákvæðum svörum og 7 úr neikvæðum svörum þar sem þau uppfylltu ekki skilyrði til flokkunar eða höfðu óljósa merkingu.

4.1 Jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar

Svarendur nefndu alls 2.276 atriði sem koma fram í orðaskýinu á mynd 20. Atvinnuskapandi, tekjur, fjölbreytni koma oftast fyrir en þar á eftir koma svörin fjölbreytileiki og fjölbreyttara mannlíf koma langoftast fyrir, þar á eftir koma svörin meiri tekjur, fjölbreytileiki/fjölbreytileikinn og aukið mannlíf. Ef orðaskýið 2023 er borið saman við orðaskýið

Fjögur þemu fundust í svörunum og innan hvers þema voru nokkrar áherslur eða undirflokkar. Um var að ræða sömu þemu og flokka sem fundust 2019. Tafla 3 gefur yfirlit yfir þemu, áherslur, fjölda svara og dæmi um orðalag svara. Þemun fjögur eru:

- **Efnahagsleg sjónarmið** – Hér er um að ræða atriði sem snúa að tækifærum til að efla atvinnulíf svæða, tekjumöguleikar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög sem og bætt lífskjör og búsetuskilyrði. Undirflokkar eru:
 - Störf og atvinnutækifæri
 - Tekjur
 - Lífskjör, efnahagur, hagsæld
- **Lífsgæði** – Þessi flokkur vísar til þess að ferðapjónusta bæti einhverju við daglegt líf fólks, geri staði betri til að búa á og styðji lífsstíl fólks. Ferðapjónustu fylgir ný eða aukin þjónusta sem heimamenn njóta góðs af. Ferðamenn glæða samfélag og bæjarfélög lífi sem ýtir undir jákvæðni íbúa og bjartsýni eykst. Ferðapjónusta ýtir undir ýmiss konar viðhald eða umbætur á grunngerð, aðstaða batnar og viðhald eykst sem heimamenn njóta góðs af. Undirflokkar eru:
 - Afþreying og þjónusta
 - Drifkraftur/lífsviðurværi
 - Ánægja og bjartsýni
 - Grunngerð og viðhald
- **Samfélagsleg sjónarmið** – Hér er átt við atriði sem snúa að sýn heimamanna á eigið samfélag. Íðandi og litríkt mannlíf, fjölbreytni sem skiptir samfélagið máli. Heimamenn koma auga á tækifæri til að kynnast öðrum menningarheimum sem getur leitt til aukins skilnings eða umburðarlyndis. Samsetning samfélagsins getur tekið breytingum og ný tengsl myndast. Undirflokkar eru:
 - Mannlíf
 - Fjölbreytileiki
 - Viðsýni
 - Samfélagsgerð
- **Umhverfisleg sjónarmið** – Atriði sem snúa að náttúru og umhverfi og ánægju heimamanna með landslag, lífríki og fegurð ósnortinnar náttúru sem bæði heimamenn og ferðamenn geta upplifað. Aðeins einn undirflokkur fylgir umhverfislegum sjónarmiðum:
 - Náttúra – umhverfi


Tafla 3 Jákvæðustu þættir ferðaþjónustunnar – áherslur landsmanna 2023

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Efnahagsleg sjónarmið	Störf og atvinnutækifæri	384	<i>Fjölbreyttir atvinnuöguleikar Meiri atvinna Eflir atvinnulífið</i>
	Tekjur	324	<i>Hve margir hafa tekjur af ferðamönnum Tekjusköpun Auknar tekjur</i>
	Lífskjör, efnahagur, hagsæld	54	<i>Auðveldara að halda úti veitingastað Meiri velsæld, lítil fyrirtæki sem ekki gekk vel að reka ganga nú mjög vel vegna fjölda ferðamanna Hagnaður og meiri framkvæmdir</i>
Lífsgæði		992	
	Afbreyting og þjónusta	370	<i>Fjölbreyttari afbreyting og veitingastaðir Meiri hlutir til að gera Aukið þjónustustig</i>
	Drifkraftur/lífsviðurværi	219	<i>Uppbygging Við erum með óteljandi tækifæri Burðarás í samfélaginu</i>
	Ánægja og bjartsýni	328	<i>Líf, lífið breytist, meira um að vera í heimabyggðinni Fá fólk í bæinn Gefur lífinu lit Gaman að sýna fólki hvað er fallegt hérna</i>
	Grunngerð og viðhald	75	<i>Betri stígar á nokkrum stöðum í heimabyggðinni Búið að bæta aðgengi Meira verið að passa upp á ásýnd bæjarins</i>
Samfélagsleg sjónarmið		499	
	Mannlíf	205	<i>Fjölbreytt mannlíf Meira mannlíf</i>
	Fjölbreytileiki	175	<i>Eykur fjölbreytni Fjölbreytileikinn</i>
	Víðsýni	100	<i>Umburðarlýndi almennings eykst ef þeir kynast erlendu fólki Eykur víðsýni</i>
Samfélagsgerðin	19	<i>Nýir íbúar Hér væri engin byggð án ferðaþjónustu Breytingar sem allt samfélagið græðir á</i>	
Umhverfisleg sjónarmið		23	
	Náttúra - umhverfi	23	<i>Það er verið að taka til í umhverfismálum, göngustígar Náttúrufergurð</i>

Á mynd 22 má sjá hlutfallslega skiptingu jákvæðra svara út frá ofangreindum þemum og samanburð við jákvæð svör landsmanna 2017 og 2019. Sjá má að þrátt fyrir fækkun svara eru efnahagsleg sjónarmið enn um það bil þriðjungur allra jákvæðra svara og að engar breytingar hafa orðið á hlutfalli svara sem tengjast tekjum, störfum og atvinnutækifærum. Hlutfall svara sem varða lífsgæði íbúa hefur aukist nokkuð frá árinu 2019 og er nú um 40% af heildarfjölda svara. Munar þar mestu um hlutfallslega aukningu svara sem tengjast afbreytingu og þjónustu og ánægju og bjartsýni. Svörum sem innihéldu samfélagsleg sjónarmið hefur fækkað hlutfallslega frá 2019. Þar munaði mestu um fækkun svara sem tengdust mannlífi og fjölbreytileika sem í fyrri könnunum hafa staðið upp úr sem jákvæðustu áhrif ferðaþjónustunnar að mati landsmanna en gera það ekki lengur. Umhverfisleg sjónarmið

komu ekki fram í svörum landsmanna árið 2017 en bættust við sem nýtt þema árið 2019. Hlutfall þessara svara er áfram lágt og er nú um 1% af svörum landsmanna.

Mynd 22 Hlutfallsleg skipting jákvæðra svara 2017-2023



Í töflu 4 má sjá hlutfallslega skiptingu jákvæðra svara landsmanna árið 2023 bæði á landsvísu og eftir búsetu. Þar sést að flest jákvæð svör voru á Austurlandi (367), á Suðurlandi (366) og á Norðurlandi (366) en færst á Suðurnesjum (246). Áherslur í svörum voru mismunandi eftir landshlutum en innan hvers þeirra eru áherslur að mestu leyti sambærilegar og þær voru í könnuninni 2019. Á Suðurnesjum voru efnahagslegar áherslur mest ríkjandi í svörum íbúa en hlutfall svara sem tengdust störfum og atvinnutækifærum var langhæst þar (27%). Efnahagsleg sjónarmið voru síður nefnd á Vesturlandi og á Austurlandi en þar voru áherslur sem tengdust lífsgæðum meira áberandi en í öðrum landshlutum. Þar vega þyngst svör sem tengdust aukinni þjónustu og úrvali veitingastaða. Á Norðurlandi og Suðurlandi fjölgaði svörum sem vísaði til efnahagslegra sjónarmiða frá síðustu könnun og einnig jókst áhersla á

þætti sem tengdust lífsgæðum. Á Vestfjörðum stóð mannlífspátturinn áður upp úr sem jákvæðasti þátturinn en gerir það ekki lengur. Þess í stað er aukin áhersla á efnahagsleg sjónarmið og á almenna ánægju og bjartsýni. Mestu breytingarnar á svörum milli kannana hafa þó orðið á svörum íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2019 komu samfélagsleg sjónarmið langskarpast fram á höfuðborgarsvæðinu og skipti mannlífið þar mestu máli en árið 2023 var afþreying og þjónusta orðinn stærsti einstaki þáttur jákvæðra áhrifa ferðapjónustu að mati íbúa þar.

Tafla 4 Hlutfallsleg skipting jákvæðra svara og áherslur eftir landshlutum 2023

2023	Ísland	Austurland	Norðurland	Suðurnes	Suðurland	Vestfirðir	Vesturland	Höfuðb.sv.
Efnahagsleg sjónarmið	33%	29%	35%	47%	36%	33%	27%	31%
Störf og atvinnutækifæri	17%	17%	18%	27%	19%	16%	15%	8%
Tekjur	14%	11%	15%	18%	12%	16%	10%	18%
Lífskjör, efnahagur, hagsæld	2%	1%	2%	2%	4%	1%	2%	4%
Lífsgæði	44%	47%	39%	36%	45%	42%	51%	44%
Drifkraftur/lífsviðurværi	10%	12%	7%	8%	11%	11%	12%	6%
Ánægja og bjartsýni	14%	16%	16%	13%	11%	17%	17%	11%
Afþreying og þjónusta	16%	17%	12%	15%	19%	11%	17%	23%
Grunngerð og viðhald	3%	3%	3%	0%	4%	3%	5%	4%
Samfélagsleg sjónarmið	22%	22%	25%	17%	19%	25%	19%	26%
Viðsýni	4%	5%	5%	2%	5%	5%	4%	4%
Mannlíf	9%	9%	11%	7%	8%	10%	9%	9%
Fjölbreytileiki	8%	7%	9%	8%	5%	8%	6%	12%
Samfélagsrými	1%	1%	1%	0%	0%	2%	1%	1%
Umhverfisleg sjónarmið	1%	1%	1%	0%	1%	1%	3%	0%
Náttúra - umhverfi	1%	1%	1%	0%	1%	1%	3%	0%
Fjöldi svara	2.276	367	366	246	366	331	299	301

4.2 Neikvæðar hliðar ferðapjónustunnar

Alls komu fram 1.719 atriði um neikvæð áhrif ferðapjónustunnar en það eru tæplega 160 fleiri atriði en komu fram í könnuninni 2019. Líkt og könnunum 2017 og 2019 voru svör um neikvæð áhrif ferðapjónustunnar færri en þau jákvæðu en munurinn milli fjölda jákvæðra og neikvæðra hefur þó aldrei verið minni en nú. Þannig voru neikvæð svör um 24% færri en þau jákvæðu í könnuninni 2023 en árið 2019 voru neikvæð svör 47% færri en þau jákvæðu og 36% færri árið 2017. Í orðaskýinu á mynd 23 sést að mengun, átroðningur, umferð, umgengni, átroðningur og skemmtiferðaskip voru algengustu neikvæðu svörin. Ef orðaskýið 2023 er borið saman við orðaský árána 2019 og 2017 (mynd 24) koma í ljós breytingar á algengustu neikvæðu svörum en í fyrri könnunum hafa umferðin/umferð, umgengni og sóðaskapur verið algengustu neikvæðu svörin. Orðin mengun, skemmtiferðaskip og of mikið af ferðamönnum hafa ekki komið fram með jafn áberandi hætti í orðaskýjum fyrri kannana en orðið sóðaskapur fellur út í könnuninni 2023.

-
- **Efnahagsleg sjónarmið** – Atriði sem snúa að áhrifum sem íbúar finna á eigin efnahag, heimabyggðarinnar eða samfélagsins. Íbúar finna fyrir hækkandi verðlagi sem þeir vilja rekja með einum eða öðrum hætti til ferðamanna og ferðaþjónustu. Óljóst er hvort tekjur af ferðaþjónustu verði eftir á svæðinu og möguleikar til að afla tekna takmarkaðir. Hugmyndir íbúa um að störf í ferðaþjónustu séu illa borguð. Undirflokkar eru:
 - Verð hækkar
 - Störf og tekjur
 - **Lífsgæði** – Atriði sem vísa til þess að ferðaþjónusta og ferðamenn skerði daglegt líf íbúa og ferðamanna. Aukið óöryggi í aðstæðum valda áhyggjum íbúa, einkum tengt umferðaröryggi. Aðstæður þar sem íbúar finna til ónæðis geta komið upp, sömuleiðis aðstæður þar sem þeir telja sig ekki komast að í sínu daglega umhverfi eða samfélagi. Ruðningsáhrif geta átt sér stað. Þjónusta og verslun geta orðið einhæfari og bið eftir afgreiðslu lengst. Undirflokkar eru:
 - Óöryggi
 - Ekki pláss fyrir mig
 - Rask/ónæði
 - Afþreying, verslun og þjónusta
 - Óánægja
 - **Ummerki í umhverfi** – Atriði sem tengjast því að mönnum finnst ummerki eftir ferðamenn og umferð fólks og bíla greinileg í umhverfinu. Umferð og fjöldi fólks verður meiri en það sem venjulegt eða þægilegt er. Dreifing fjölda fólks í tíma og rúmi er ójöfn, ýmist of mikill fjöldi eða of lítill. Hugmyndir um að viðhald og uppbygging grunngerðar sem heimamenn og ferðamenn samnýta vanti eða standi ekki undir álagi. Mengun, rask á jarðvegi og ýmiss úrgangur á víðavangi hefur neikvæð áhrif á íbúa. Undirflokkar eru:
 - Umhverfisspjöll
 - Fjöldi
 - Umferð
 - Grunngerð og viðhald⁵
 - **Ágreiningur** – Atriði sem snúa að skoðunum íbúa á hegðun og framkomu ferðamanna eða tilteknum þáttum við starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja sem er heimamönnum til ama og valda núningi. Álit íbúa um að yfirvöld (sveitarfélög og ríki) og fyrirtæki þurfi að skipuleggja betur komu ferðamanna og stýra bæði upplýsingagjöf og umferðarflæði fólks og ökutækja. Ummæli íbúa sem vísa til þess að vanda þurfi til verka eða þess sem megi betur fara í skipulagi ferðaþjónustunnar, starfsemi fyrirtækja og í háttsemi ferðamanna. Dæmi eru um að íbúum finnist skorta á þjónustu eða afþreyingu fyrir ferðamenn í heimabyggðinni. Undirflokkar eru:
 - Háttsemi ferðamanna
 - Núningur við ferðaþjónustu
 - Skipulag vantar
 - Ferðaþjónustu vantar

⁵ Við úrvinnslu og greiningu gagna úr könnuninni 2023 var undirflokkurinn Grunngerð og viðhald færður úr flokknum Lífsgæði yfir í Ummerki í umhverfi.

Tafla 5 Neikvæðustu þættir ferðaþjónustunnar – áherslur landsmanna 2023

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Efnahagsleg sjónarmið	Verð hækkar	19	Alltof dýrt Of dýrt fyrir heimamenn
	Störf og tekjur	53	Hvað lítið situr eftir og þetta skilar engum sýnilegum gróða Lág laun fyrir þá sem vinna við ferðaþjónustu
Lífsgæði		352	
	Óöryggi	100	Sumir erlendir ferðamenn eru lélegir bílstjórar Bílar stopp í vegköntum
	Ekki pláss fyrir mig	123	Ekki talað nógu mikið af íslensku Erfitt að fara út að borða á sumrin Þeir eru fyrir mér og of margir Kemst ekki í sund vegna of margra ferðamanna
	Rask	44	Ágengni, sumt fólk veður yfir heimamenn Tillitsleysi og fáfræði. Túristar labba inn hjá fólki Of mikið ónáði yfir sumarið
	Afþreying, verslun og þjónusta	73	Bara ein verslun sem tæmist ef margir eru á ferðinni Skortur á veitinga og kaffihúsum Þegar þjónustan er léleg
Óánægja og neikvætt umtal	12	Mjög neikvæð umræða um ferðamenn Viða þungt viðmót gagnvart ferðamönnum	
Ummerki í umhverfi		786	
	Umhverfisspjöll	169	Mengun skemmtiferðaskipa Skemmdir í náttúrunni Átroðningur Ruslið og skiturinn sem ferðamenn skilja eftir
	Umferð	70	Mikil umferð Umferðin gengur hægar
	Fjöldi	296	Of mikill fjöldi ferðamanna Of margir í einu Það vantar fleiri ferðamenn
Grunngerð og viðhald	251	Vantar almenningssalerni Innviðir þola þetta ekki Vantar innviði fyrir allan þennan fjölda og viðhald þeirra sem fyrir eru Vegakerfið er mjög lélegt	
Ágreiningur		509	
	Háttsemi ferðamanna	145	Slæm umgengni Ágengt af því það er í frii og passar sig ekki við heimafólkið, vaða yfir staði sem eru private Umgengni og ókurteisi ferðamanna Túristar eru að tjalda út um allt án þess að biðja um leyfi
	Núningur við ferðaþjónustu	58	Þegar þetta verður of mikið Þrengir að húsnæðismarkaði Skemmtiferðaskip eru plágur
	Skipulag vantar	244	Vantar stýringu, of mikið af túristum Erfitt þegar mög skip eru á svæðinu í einu Skipulag og upplýsingagjöf ekki nógu góð Illu skipulagt margt í kringum ferðamenn, t.d. varðandi salerni og þar sem vantar eftirlit og aðstöðu
Ferðaþjónusta vantar	62	Að fólk gisti ekki í heimabyggðinni minni Erfitt fyrir nýja ferðaþjónustuaðila að komast inn	


Mynd 25 sýnir hlutfallslega skiptingu neikvæðra svara út frá ofangreindum þeim og samanburð við neikvæð svör landsmanna í könnunum 2017 og 2019. Myndin sýnir að mat landsmanna á neikvæðustu áhrifunum 2023 tengist í auknum mæli umhverfislegum þáttum og ágreiningi en síður að neikvæðum áhrifum ferðaþjónustunnar á lífsgæði og efnahag. Þrjú svarflokkar skera sig frá öðrum en eru samanlagt tæplega helmingur svara landsmanna. Sá fyrsti inniheldur ummæli landsmanna um fjölda ferðamanna⁶ og hefur þeim ummælum fjölgað mikið frá 2019 og eru nú stærsti einstaki flokkur neikvæðra áhrifa ferðaþjónustu (17% svara). Í langflestum tilfellum lýsa landsmenn of mörgum ferðamönnum á tilteknum stöðum eða tímum eða ójafnri dreifingu ferðamanna í tíma og rúmi. Eða, það sem sjaldnar er, að það séu ekki nógu margir ferðamenn, þeir stoppi stutt og séu aðeins í heimabyggðinni hluta úr ári. Annar flokkurinn inniheldur ummæli landsmanna um skort á skipulagi ferðaþjónustunnar og er um 14% af heildarfjölda svara. Þessi svarflokkur hefur meira en tvöfaldast að umfangi frá 2017. Flest ummæli landsmanna tengdust dreifingu og stýringu á fjölda ferðamanna og að sveitarfélög og ríki standi sig ekki í skipulagi og uppbyggingu vegna ferðaþjónustu. Þá hækkaði lítillega hlutfall svara um að íbúar komist ekki að í daglega lífinu (7%) og um umhverfisspjöll (10%). Rúmlega helmingur svara í síðarnefnda flokknum snéru að ágangi og átroðningi á land og náttúru en þessum svörum hefur þó ekki fjölgað frá 2019. Mestu munar um fjölgun svara um mengun (sbr. stærstu orðin á mynd 23) og mengun frá skemmtiferðaskipum. Af öllum athugasemdum landsmanna um umhverfisspjöll fjölluðu 19% þeirra um mengun og mengun frá skemmtiferðaskipum árið 2019 en árið 2023 hafði hlutfall slíkra svara hækkað í 41%. Þriðji flokkurinn inniheldur athugasemdir um grunngerð og viðhald (um 15% af heildarfjölda svara) en þar voru tvenns konar svör áberandi. Annars vegar athugasemdir um álag á innviði, skort á þeim og skort á viðhaldi. Hins vegar athugasemdir um slit á vegum og álag á vegakerfi.

Svörum um háttsemi ferðamanna, grunngerð og viðhald, hefur fækkað en þau mældust flest árið 2019. Flest svör um háttsemi ferðamanna lýstu annars vegar umgengni og tillitsleysi ferðamanna í umhverfinu og á þjóðvegum og hins vegar að ferðamenn þekki ekki reglur eða fari ekki eftir þeim. Ummælum landsmanna um ferðamenn sem ganga örna sinna á víðavangi, noti ekki tjaldstæði og gisti í bílum hefur fækkað en þau voru flest árið 2017. Hlutfall svara sem tengjast ööryggi og umferð, afþreyingu og þjónustu dróst lítillega saman. Hlutfall svara sem

⁶ Við úrvinnslu og greiningu gagna úr könnunum 2017 og 2019 voru svarflokkarnir Fjöldi og Umferð sameinaðir. Í ljósi fjölgunar svara sem tengdust fjölda og fækkunar svara um umferð árið 2023 var ákveðið að aðskilja flokkana. Til samræmis voru svör frá árunum 2019 og 2017 og vörðuðu umferð og fjölda endurtalin. Árið 2019 tengdist 10% af heildarfjölda neikvæðra svara fjölda (161 svar) og 9% tengdust umferð (137). Árið 2017 fjölluðu 9% af öllum neikvæðum svörum um fjölda (162 svör) og 5% tengdust umferð (99 svör).

tengjast störfum, tekjum og verðlagningu breyttist ekki milli kannana og raunar eru neikvæð efnahagsleg sjónarmið um ferðapjónustu í heimabyggðinni iðulega fá. Það má því segja að landsmenn hafi almennt litlar áhyggjur af neikvæðum efnahagslegum áhrifum ferðapjónustunnar.

Mynd 25 Hlutfallsleg skipting neikvæðra svara 2017-2023



Í töflu 6 er hlutfallsleg skipting neikvæðra svara landsmanna árið 2023 tekin saman bæði á landsvísu og eftir búsetu. Fjöldi neikvæðra svara var mestur á Suðurlandi (282), Austurlandi (274) og Norðurlandi (268) en minnstur á Suðurnesjum (176). Í öllum landshlutum voru svör tengd ummerkjum í umhverfinu áberandi en flest voru þau á Norðurlandi (53%) og fæst á höfuðborgarsvæðinu (38%). Á Norðurlandi munaði mestu um herra hlutfall svara tengdum grunngerð og viðhaldi og plássleysi. Vísuðu norðlenskir svarendur aðallega til skorts á salernum og til innviða sem ekki væru tilbúnir eða réðu illa við að taka á móti fjölda

ferðamanna. Flest ummæli um fjölda ferðamanna voru frá Norðurlandi (21%) og Vestfjörðum (20%). Á Norðurlandi fjölluðu flest ummælin um mikinn fjölda ferðamanna á sama stað og sama tíma. Á Vestfjörðum var nær eingöngu vísað til fjöldans, of margra ferðamanna á sama stað í einu og í tengslum við viðvöl skemmtiferðaskipa.

Höfuðborgarsvæðið skar sig frá öðrum landshlutum fyrir hæst hlutfall athugasemda sem tengdust núningi við ferðapjónustu (14%). Í flestum þeirra lýstu svarendur á höfuðborgarsvæðinu óánægju sinni annars vegar með áhrif Airbnb á húsnæðismarkaðinn og hins vegar með kjör og aðbúnað (erlends) starfsfólks í ferðapjónustu. Á Austurlandi voru fleiri athugasemdir um afþreyingu og þjónustu og öryggistilfinningu en í öðrum landshlutum sem flestar tengdust umferðaröryggi og vöruskorti í matvörubúðum. Hlutfall svara um að íbúar geti átt erfitt með að komast að vegna ferðamanna eða þurfi að bíða lengur eftir þjónustu var hærra á Norðurlandi, Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar.

Tafla 6 Hlutfallsleg skipting neikvæðra svara og áherslur eftir landshlutum 2023

2023	Ísland	Austurland	Norðurland	Suðurnes	Suðurland	Vestfirðir	Vesturland	Höfuðb.sv.
Efnahagsleg sjónarmið	4%	5%	3%	6%	4%	4%	3%	5%
Störf og tekjur	3%	3%	2%	4%	4%	2%	3%	3%
Verðin hækka	1%	2%	1%	2%	0%	1%	0%	2%
Lífsgæði	20%	25%	20%	16%	23%	20%	16%	21%
Afþreying og þjónusta	4%	9%	2%	5%	3%	4%	4%	2%
Ekki pláss fyrir mig	7%	5%	10%	2%	10%	6%	3%	11%
Öryggistilfinning	6%	8%	5%	6%	6%	5%	6%	4%
Rask/ónæði	3%	2%	2%	2%	4%	3%	2%	3%
Óánægja og neikvætt umtal	1%	0%	0%	1%	0%	1%	1%	1%
Ummerki í umhverfi	46%	42%	53%	46%	46%	47%	47%	38%
Grunngerð og viðhald	15%	15%	18%	16%	14%	16%	16%	8%
Fjöldi	17%	16%	21%	16%	16%	20%	15%	16%
Umferð	4%	5%	3%	5%	9%	0%	5%	2%
Umhverfisspjöll	10%	7%	12%	9%	8%	10%	11%	12%
Ágreiningur	30%	28%	24%	31%	27%	30%	34%	36%
Háttsemi ferðamanna	8%	11%	7%	7%	9%	7%	10%	7%
Núningur við ferðapjónustu	3%	2%	2%	3%	2%	0%	2%	14%
Ferðapjónustu vantar	4%	1%	1%	8%	3%	2%	9%	2%
Skipulag vantar	14%	14%	13%	13%	14%	19%	13%	13%
<i>Fjöldi svara</i>	1.719	274	268	176	282	247	237	235


4.2.1 Ummæli um skemmtiferðaskip 2017-2023

Eins og sjá má í orðaskýinu á mynd 23 voru skemmtiferðaskip ofarlega á blaði hjá landsmönnum yfir neikvæðustu þætti ferðapjónustunnar. Ummæli um skemmtiferðaskip féllu eftir inntaki í mismunandi svarflokka en af þeim sökum gæti borið minna á þeim í þemarammanum en í orðaskýjunum. Það er því ástæða til að skoða nánar hvernig ummæli tengdum skemmtiferðaskipum birtast í neikvæðum svörum landsmanna í könnunum 2017, 2019 og 2023.

Mynd 27 sýnir fjölda ummæla um skemmtiferðaskip 2017-2023 út frá búsetu svarenda. Ummæli um skipin komu fram í öllum landshlutum í könnuninni 2023. Á Austurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi og Suðurnesjum voru engin ummæli meira áberandi en önnur og til nokkuð jafns talað um fjölda fólks og skipa auk mengunar. Á höfuðborgarsvæðinu tengdust flest svörin útblæstri og mengun.

Gegnumgangandi hafa flest ummælin verið á Vestfjörðum og Norðurlandi en innihald svaranna innan hvors landshluta fyrir sig hafa verið eins milli ára. Flest svör á Vestfjörðum tengjast ummælum um fjölda skipa og fjölda farþega; að of margir ferðamenn og of mörg skip séu á sama stað á sama tíma. Á Norðurlandi hafa svör um mengun frá skemmtiferðaskipum verið ívið fleiri en ummæli um fjölda fólks og skipa.

Mynd 27 Fjöldi ummæla um skemmtiferðaskip og -farþega 2017-2023 eftir búsetu svarenda




4.3 Samantekt

Mynd 28 gefur yfirlit yfir inntak og tíðni fimm algengustu svara landsmanna um jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar árið 2023⁷ og stöðu þeirra á listanum 2019 og 2017. Þrátt fyrir nokkra fjölgun neikvæðra svara og fækkun jákvæðra milli kannananna 2019 og 2023 kemur samt sem áður skýrt fram á myndinni að jákvæðu svörin eru enn fleiri en þau neikvæðu.

⁷ Við skoðun á nýrri sætaskipan og samanburð við sætin 2019 og 2017 hefur verið tekið tillit til endurtalningar og breytinga á svarflokkum.

Mynd 28 Jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðaþjónustu á Íslandi 2023



Hugmyndir landsmanna um jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar eru vel mótaðar en engu að síður sjást nokkrar breytingar. Frá árinu 2017 hafa Störf og atvinnutækifæri trónað á toppi lista landsmanna yfir jákvæðustu áhrif ferðaþjónustunnar. Jafnframt vekur athygli að óáþreifanlegar áherslur (Bjartsýni/ánægja og Drifkraftur/lífsviðurværi) þokast upp listann. Þessar áherslur sjást einna best í hugmyndum heimamanna um líflega stemmingu og tilfinningu um ánægju og bjartsýni sem hefur áhrif á íbúana og daglegt líf þeirra. Auk þess eru ummæli heimamanna um aukna þjónustu, verslun og veitingastaði vitnisburður um áhrif sem bæta lífsgæði. Hins vegar fellur svarflokkurinn Mannlíf, sem hefur verið í 2.-3. sæti í fyrri könnunum, út af listanum og er í 6. sæti 2023.

Meiri hreyfing hefur verið á mati landsmanna á neikvæðustu áhrifum ferðaþjónustunnar og neikvæðum svörum hefur fjölgað talsvert frá síðustu könnun. Athugasemdir um ójafna dreifingu ferðamanna í tíma og rúmi eru nú efst á lista og hafa aldrei verið fleiri. Athugasemdir um skort á skipulagi við komu ferðamanna, stýringu á upplýsingagjöf og umferð um tiltekna staði hefur færst upp um þrjú sæti á listanum. Landsmenn hafa einnig áhyggjur af uppbyggingu og viðhaldi ýmissa innviða sem haldi ekki í við álag af umferð ferðamanna og sýnilegum ummerkjum í umhverfi og náttúru eftir ferðamenn. Háttsemi (hegðun) ferðamanna, sem hefur verið í efstu sætunum, færir neðar.

5 NÚVERANDI VIÐHORF LANDSMANNA

Í þessum kafla er kafað nánar ofan í viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu út frá gögnunum sem safnað var 2023. Gerð er grein fyrir helstu þemum og víddum sem einkenna viðhorf landsmanna á ferðamönnum og ferðaþjónustu 2023 og draga fram skýrari mynd af ánægju og helstu áhyggjum íbúa.

Til að finna helstu þemu í gögnunum um viðhorf landsmanna var gerð þáttagreining. Þessi aðferð dregur saman tengdar spurningar í meginþætti sem gefa skýrari mynd af viðhorfum landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Þættirnir voru notaðir til að búa til kvarða sem meta viðhorf mismunandi hópa til ferðamanna og ferðaþjónustu. Þessir kvarðar byggja á upplifun landsmanna og daglegri reynslu sem geta mótað viðhorf þeirra til ferðamanna og ferðaþjónustu. Til að greina hvaða þættir hafa mest áhrif á viðhorf landsmanna var framkvæmd aðhvarfsgreining. Aðhvarfsgreining er notuð er til að skoða tengsl milli einnar háðrar breytu og einnar eða fleiri óháðra breyta. Með aðhvarfsgreiningunni er kannað að hversu miklu leyti hver þáttur hefur áhrif á viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu.

5.1 Helstu þemu 2023

Til að finna helstu þemu í gögnunum 2023 voru spurningar í formi fullyrðinga og mældu viðhorf svarenda til ferðamanna og ferðaþjónustu þáttagreindar (e. *principal components analysis*)⁸. Þrjú þættir voru dregnir út sem höfðu eigið gildi (e. *eigenvalue*) yfir einum. Þessir þættir skýra samanlagt um það bil 45% af heildardreifingu svara. Til að finna undirliggjandi þemu í gögnunum var skoðað hvaða spurningar höfðu hæstu þáttahleðslurnar á hvern þátt og fengu þættirnir heiti sem lýsa innihaldi þeirra. Í fyrsta þáttinn söfnuðust spurningar um afstöðu svarenda til ávinnings ferðaþjónustunnar fyrir þróun samfélags og efnahags. Þátturinn endurspeglar áhrif ferðaþjónustunnar á samfélag og efnahag, þar með talið ánægju með breytingar í samfélaginu vegna ferðaþjónustu og trú á ferðaþjónustu sem grunn að efnahagslegum stöðugleika í framtíðinni. Þessi þáttur dregur jafnframt fram stöðu

⁸ Fyrir þáttagreininguna var neikvætt orðuðum spurningum, svo sem spurningum sem tjá óánægju eða truflun, snúið svo allar spurningar snéru í sömu átt. Þannig var t.d. spurningunni *Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi* breytt í *Ferðamenn valda ekki ónæði í mínu daglega lífi*. Auk þess var spurningin *Hvort telur þú að margir eða fáir njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu í þinni heimabyggð* yfirfærð á form fullyrðingar til að geta haft hana með í greiningunni. Notaður var hornréttur snúningur (e. *Varimax with Kaiser Normalization*) til að aðgreina betur hvaða spurningar tilheyra hverjum þætti.

ferðapjónustunnar í hugum íbúa. Í annan þátt söfnuðust spurningar um sjálfbærni greinarinnar, beinan efnahagslegan ávinning, áhrif á þjónustuframboð og atvinnulíf í heimabyggðinni. Í þriðja þáttinn söfnuðust fullyrðingar sem lúta að viðhorfum svarenda til félags- og umhverfislegra áhrifa af fjölda og hegðun ferðamanna. Þátturinn nær til atriða sem snúa að stýringu og takmörkunum á fjölda ferðamanna. Í töflu 8 koma fram heiti þáttanna þriggja, hvaða spurningar söfnuðust á þættina og þáttahleðslur⁹ þeirra, þ.e. fylgni hvorrar fullyrðingar við þáttinn.

Tafla 8 Þættir og þáttahleðslur 2023

	Samfélags- og efnahagsþróun	Ávinningur ferðapjónustu	Félags- og umhverfisleg áhrif
Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðapjónustu	0,629		
Ég tel að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi	0,617		
Á heildina litið er ávinningur sem hlýst af ferðapjónustu meiri en kostnaður	0,612		
Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra	0,603		
Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð	0,587		
Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðapjónustu í mínu samfélagi	0,575		
Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi	0,534		
Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn	0,532		
Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins	0,517		
Margir íbúar í minni heimabyggð njóta efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu		0,775	
Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér		0,636	
Stór hluti þeirra tekna sem skapast af ferðapjónustu í þinni heimabyggð situr eftir á svæðinu		0,620	
Ferðapjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð		0,604	
Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra		0,352	
Mér finnst stefna íslenskra stjórnvalda í ferðamálum taka tillit til áhrifa ferðapjónustu á líf íbúa		0,347	
Ég tel nauðsynlegt að takmarka komur skemmtiferðaskipa til landsins			0,754
Farþegar skemmtiferðaskipa trufla mig meira en aðrir ferðamenn			0,612
Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna			0,589
Ég tel nauðsynlegt að takmarka komur erlendra ferðamanna til landsins			0,539
Ferðamenn spilla náttúru landsins			0,524

⁹ Þáttahleðslurnar sýna hversu sterk tengsl eru á milli hvorrar spurningar og þáttarins sem hún tilheyrir. Því hærri sem þáttahleðslan er því sterkari eru tengslin.

Tafla 9 sýnir alfastuðla¹⁰ hvers þáttar sem segja til um hversu vel fullyrðingarnar í hverjum þætti passa saman. Alfastuðlarnir eru á bilinu 0,69-0,78 sem er ásættanlegt og bendir til þess að samsetning fullyrðinganna endurspeglir þættina vel.

Tafla 9 Alfastuðlar þáttanna 2023

Þáttur	Alfastuðlar
Samfélags- og efnahagsþróun	0,78
Ávinningur ferðaþjónustu	0,70
Félags- og umhverfisleg áhrif	0,69

Þrjú mælikvarðar voru útbúnir á grundvelli þáttanna með því með því að leggja saman spurningarnar sem tilheyrðu hverjum þætti og deila með fjölda spurninganna. Allir mælikvarðarnir eru á bilinu 1 til 5 þar sem gildið 1 táknar mjög neikvæð viðhorf og gildið 5 táknar mjög jákvæð viðhorf. Tafla 10 sýnir lýsandi tölfræði yfir þættina þrjá.

Tafla 10 Lýsandi tölfræði fyrir þættina

Þáttur	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Samfélags- og efnahagsþróun	1884	1	5	3,88	0,61
Ávinningur ferðaþjónustu	1454	1	5	3,25	0,71
Félags- og umhverfisleg áhrif	2019	1	5	3,12	0,85

Á heildina litið höfðu allir þættirnir sem fundust í gögnunum jákvæða svörun hjá landsmönnum og skar enginn þáttur sig frá sem áberandi neikvæður. Landsmenn eru almennt jákvæðir í afstöðu til áhrifa ferðaþjónustu á þróun samfélags og efnahags í heimabyggð og er meðaltal þáttarins mjög hátt eða 3,88. Meðaltöl hinna þáttanna tveggja eru nokkuð lægri. Staðalfrávikin, einkum í þriðja þættinum, sýna þó talsverðan breytileika í svörum sem benda til ólíkra skoðana meðal landsmanna um félags- og umhverfisleg áhrif ferðamanna.

¹⁰ Alfastuðlar (α) eru á bilinu 0 til 1 og segja til um innri áreiðanleika þáttarins, þ.e. hversu vel fullyrðingarnar í hverjum þætti passa saman. Hærri alfastuðull þýðir meiri áreiðanleiki sem bendir til þess að fullyrðingarnar innan hvers þáttar mæli sama undirliggjandi hugtakið á samræmdan hátt.

5.2 Áhrifaþættir í viðhorfum landsmanna

Til að meta viðhorf mismunandi hópa og tengsl annarra þátta sem geta mótað viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu í heimabyggðinni var gerð línuleg aðhvarfsgreining á gögnunum 2023. Í greiningunni eru tengsl milli bakgrunnspátta (kyns, aldurs, menntunar, búsetu, stöðu á vinnumarkaði og hvort einstaklingar starfa í ferðaþjónustu) og viðhorfa metin meðan öðrum breytum er haldið stöðugum. Með aðhvarfsgreiningunni er kannað hvort tengsl séu til staðar milli ofantalinna bakgrunnspátta og viðhorfa landsmanna og hvaða bakgrunnþættir hafi mest áhrif á viðhorfin.

Í töflu 11 eru niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar fyrir tengsl bakgrunnspáttanna við mat landsmanna á samfélags- og efnahagsþróun, ávinning af ferðaþjónustu og félags- og umhverfislegum áhrifum. Þar má sjá að í nokkrum tilfellum var munur á svörum viðmiðunarhópanna og annarra hópa. Fólk með búsetu á Suðurnesjum og Suðurlandi reyndist að jafnaði vera jákvæðara fyrir ávinningi ferðaþjónustunnar en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þá voru Suðurnesjamenn og íbúar á Vesturlandi jákvæðari gagnvart félags- og umhverfislegum áhrifum ferðaþjónustu en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Munur var á viðhorfum kynjanna í tveimur þáttum og voru konur neikvæðari en karlar í afstöðu til ávinnings af ferðaþjónustu og félags- og umhverfislegra áhrifa. Þá voru grunnskólamenntaðir einstaklingar neikvæðastir í viðhorfum til áhrifa á samfélags- og efnahagsþróun en háskólamenntaðir voru jákvæðari gagnvart ávinningi af ferðaþjónustu. Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar voru jákvæðasti hópurinn á vinnumarkaði gagnvart samfélags- og efnahagsþróun og ávinningi af ferðaþjónustu. Loks var fólk sem ekki starfar í ferðaþjónustu neikvæðara gagnvart áhrifum allra þáttanna en fólk sem starfar í ferðaþjónustu.

Tafla 11 Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á mati landsmanna á áhrifum ferðamanna 2023¹¹

Óháðar breytur	Samfélags- og efnahagsþróun (β)	Ávinningur ferðabjónustu (β)	Félags- og umhverfisleg áhrif (β)
Landshluti (Viðmið: Höfuðborgarsvæði)			
Austurland	-0,09	0,12	0,01
Norðurland	-0,06	0,10	-0,05
Suðurland	-0,02	0,18*	0,12
Suðurnes	0,08	0,24*	0,31*
Vestfirðir	0,03	0,13	0,08
Vesturland	0,00	-0,09	0,15*
Kyn (Viðmið: Karlar)			
Konur	-0,00	-0,12*	-0,11*
Aldursflokkar (Viðmið: 18-29 ára)			
30-44 ára	0,02	0,06	-0,07
45-59 ára	0,01	0,02	-0,13
60 ára og eldri	0,06	0,02	-0,08
Menntun (Viðmið: Grunnskólapróf)			
Stúdentspróf eða iðnnám	0,12*	0,08	0,06
Annað starfsnám	0,18*	0,07	0,06
Háskólapróf	0,21*	0,12*	-0,01
Starf (Viðmið: Launþegi)			
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,08*	0,16*	0,07
Í námi	0,01	0,18	0,09
Á eftirlaunum	0,03	-0,01	0,03
Annað	-0,04	-0,13	0,12
Starfar við ferðabjónustu (Viðmið: Já)			
Nei (starfar ekki við ferðabj.)	-0,22*	-0,22*	-0,11*

* $p < 0,05$

Á heildina litið bendir aðhvarfsgreiningin til þess að marktækur munur sé á viðhorfum eftir búsetu, kyni, menntun og starfi í ferðabjónustu. Hins vegar er vert að benda á að þessi munur er yfirleitt ekki mikill og gefur aðeins til kynna að áhrif ferðamanna og ferðabjónustu 2023 hafi einungis að litlu leyti verið mismunandi milli hópa og eftir búsetu.

¹¹ Tafla 11 sýnir hvernig hver bakgrunnspáttur hefur áhrif á viðhorf til þessara þriggja þátta þegar öðrum breytum er haldið stöðugum. Viðmiðunarhóparnir, sem eru táknaðir sem „viðmið“ í töflunni, samanstanda af íbúum á höfuðborgarsvæðinu, körlum, einstaklingum á aldrinum 18-29 ára, grunnskólamenntuðum, launþegum og fólki sem starfar í ferðabjónustu. Aðhvarfsstuðlarnir (β) gefa til kynna styrk og stefnu tengsla milli bakgrunnspátta og viðhorfa. Jákvæður aðhvarfsstuðull bendir til jákvæðra tengsla þar sem hækkadur stuðull leiðir til jákvæðari viðhorfa. Neikvæður stuðull (táknaður með mínus) bendir til neikvæðra tengsla.

Kannað var hvaða tengsl væru til staðar milli þáttanna þriggja og annarra sem byggja á upplifun og daglegri reynslu landsmanna sem móta viðhorf þeirra til ferðamanna og ferðaþjónustu. Í töflu 12 má sjá að tengsl voru milli viðhorfa til fjölda ferðamanna að sumri og vetri til og viðhorfa einstaklinga til áhrifa ferðaþjónustu á samfélags- og efnahagsþróun. Í báðum tilfellum voru landsmenn sem álíta fjölda ferðamanna vera „allt of mikinn“ að sumri og vetri til martækt neikvæðari í viðhorfum en aðrir hópar. Hins vegar voru landsmenn sem finnst fjöldinn vera hæfilegur eða heldur of lítill almennt jákvæðari. Þetta gefur til kynna að skynjun á fjölda ferðamanna hafi veruleg áhrif á það hvernig landsmenn líta á samfélags- og efnahagsþróun í heimabyggðinni vegna ferðaþjónustu þar sem fylgni er á milli tilfinningar fyrir of mörgum ferðamönnum og neikvæðum viðhorfum. Þá er ljóst að þeir íbúar sem telja ferðaþjónustu hafa neikvæð áhrif á lífsgæði sín eru marktækt neikvæðari í viðhorfum en aðrir hópar.

Tafla 12 Tengsl milli mats íbúa á völdum atriðum og áhrifa á samfélag- og efnahagsþróun

	Meðaltal	St. frv.
Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?		
Nánast daglega	3,86	0,65
1-3 sinnum í viku	3,93	0,51
1-3 sinnum í mánuði	3,94	0,47
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	3,84	0,72
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? *		
Allt of mikill	3,00	0,77
Heldur of mikill	3,59	0,54
Hæfilegur	4,05	0,47
Heldur of lítill	4,13	0,48
Allt of lítill	4,42	0,46
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna? *		
Allt of mikill	2,47	0,78
Heldur of mikill	3,16	0,76
Hæfilegur	3,83	0,58
Heldur of lítill	4,04	0,47
Allt of lítill	4,14	0,51
Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? *		
Lífsgæðin batna	4,17	0,43
Lífsgæðin hvorki batna né versna	3,73	0,55
Lífsgæðin versna	2,83	0,69

Jafnframt voru tengsl milli upplifunar og daglegrar reynslu landsmanna og viðhorfa til ávinnings ferðapjónustu (tafla 13). Athygli vekur að landsmenn sem taka eftir ferðamönnum nær daglega hafa tilhneigingu til að vera jákvæðasti hópurinn og landsmenn sem sjá ferðamenn sjaldnar en einu sinni í mánuði eru neikvæðastir. Hvað viðhorf til fjölda ferðamanna og áhrif á lífsgæði varðar má sjá sömu tilhneigingu og í töflu 12; eftir því sem íbúar finna meira fyrir of mörgum ferðamönnum og fyrir verri lífsgæðum, aukast líkurnar á neikvæðum viðhorfum.

Tafla 13 Tengsl milli mats íbúa á völdum atriðum og ávinnings ferðapjónustu

	Meðaltal	St.frv.
Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? *		
Nánast daglega	3,34	0,73
1-3 sinnum í viku	3,13	0,65
1-3 sinnum í mánuði	3,02	0,64
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	2,76	0,62
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? *		
Allt of mikill	2,73	0,77
Heldur of mikill	3,04	0,64
Hæfilegur	3,42	0,66
Heldur of lítill	3,11	0,71
Allt of lítill	3,36	0,80
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna? *		
Allt of mikill	2,45	0,76
Heldur of mikill	2,79	0,76
Hæfilegur	3,27	0,72
Heldur of lítill	3,34	0,63
Allt of lítill	3,26	0,72
Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? *		
Lífsgæðin batna	3,59	0,59
Lífsgæðin hvorki batna né versna	3,04	0,66
Lífsgæðin versna	2,53	0,67

Sömu sögu má segja um tengsl við viðhorf landsmanna til félags- og umhverfislegra áhrifa ferðapjónustu (tafla 14). Eftir því sem landsmenn telja ferðamenn vera of marga og að ferðamenn dragi úr lífsgæðum sínum aukast líkurnar á því að þeir telji félags- og umhverfisleg áhrif vera neikvæð.

Tafla 14 Tengsl milli mats íbúa á völdum atriðum og félags- og umhverfislegum áhrifum ferðapjónustu

	Meðaltal	St.frv.
Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?		
Nánast daglega	3,10	0,86
1-3 sinnum í viku	3,12	0,83
1-3 sinnum í mánuði	3,23	0,84
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	3,19	0,82
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? *		
Allt of mikill	2,22	0,70
Heldur of mikill	2,69	0,72
Hæfilegur	3,32	0,76
Heldur of lítill	3,59	0,83
Allt of lítill	4,00	0,67
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna? *		
Allt of mikill	2,02	0,56
Heldur of mikill	2,42	0,72
Hæfilegur	3,05	0,83
Heldur of lítill	3,29	0,79
Allt of lítill	3,40	0,84
Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? *		
Lífsgæðin batna	3,40	0,79
Lífsgæðin hvorki batna né versna	3,01	0,79
Lífsgæðin versna	2,12	0,70

6 ÞRÓUN OG BREYTINGAR Á VIÐHORFUM LANDSMANNA

Til að meta þróun og breytingar á viðhorfum landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu í tímans rás voru gerðar þátta- og aðhvarfsgreiningar á gagnasöfnunum 2017, 2019 og 2023. Í aðhvarfsgreiningunni er samband viðhorfa og lýðfræðilegra þátta annars vegar og hins vegar upplifunar og áhrif reynslu landsmanna af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggðinni skoðað. Þetta er gert til að finna bæði hvaða breytur hafa mest áhrif á viðhorf landsmanna og hvort þessar breytur hafi minni eða meiri áhrif með tímanum og geti haft forspárgildi um viðhorf landsmanna til lengri tíma litið.

Í þáttgreininguna voru notaðar spurningar í formi fullyrðinga sem voru til staðar í öllum gagnasöfnunum þremur og mældu viðhorf svarenda til ferðamanna. Tveir þættir komu fram í hverju gagnasafni fyrir sig sem höfðu eigin gildi yfir 1 og skýrðu um það bil 50% af dreifingu svara á hverju ári fyrir sig. Í fyrri þáttinn söfnuðust spurningar um afstöðu svarenda til áhrifa ferðamanna og ferðaþjónustu á efnahag í heimabyggðinni. Í seinni þáttinn söfnuðust spurningar um afstöðu svarenda til áhrifa ferðamanna og ferðaþjónustu á samfélag og daglegt líf í heimabyggðinni. Í töflu 15 kemur fram hvaða spurningar söfnuðust á þættina tvo og þáttahleðslur þeirra, þ.e. fylgni hvernar spurningar við þáttinn fyrir hvert ár.

Tafla 15 Þættir og þáttahleðslur í gagnasöfnunum 2017, 2019 og 2023

	Þættir					
	2017		2019		2023	
	Efnahagsleg áhrif	Áhrif á samfélag og daglegt líf	Efnahagsleg áhrif	Áhrif á samfélag og daglegt líf	Efnahagsleg áhrif	Áhrif á samfélag og daglegt líf
Ferðaþjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér	0,66		0,75		0,74	
Ferðaþjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð	0,73		0,76		0,76	
Ég tel að ferðaþjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi	0,67		0,56		0,51	
Margir íbúar í minni heimabyggð njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu	0,56		0,65		0,71	
Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra		0,46		0,48		0,53
Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu		0,19		0,34		0,43
Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð		0,76		0,76		0,76
Ferðamenn valda ónáði í mínu daglega lífi		0,78		0,74		0,73
Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna		0,67		0,64		0,57

Tafla 16 sýnir alfastuðla (α) hvers þáttar fyrir hvert ár. Alfastuðlarnir sýna að innra samræmi þáttanna hefur verið nokkuð stöðugt yfir árin og að samsetning fullyrðinganna mæli sömu undirliggjandi þættina á hverju ári fyrir sig.

Tafla 16 Alfastuðlar þáttanna

Þáttur	Alfastuðlar		
	2017	2019	2023
Efnahagsleg áhrif	0,60	0,67	0,68
Áhrif á samfélag og daglegt líf	0,65	0,65	0,63

Tveir mælikvarðar voru útbúnir á grunni þessara þátta. Þeir eru á bilinu 1-5 þar sem 1 táknaði þá sem voru mjög ósammála og 5 táknaði þá sem voru mjög sammála. Tafla 17 sýnir lýsandi tölfraði yfir þættina tvo fyrir hvert ár. Taflan sýnir að báðir þættirnir hafa jákvæða svörun hjá landsmönnum. Landsmenn voru jákvæðastir fyrir áhrifum ferðapjónustu og ferðamanna árið 2019 en lítillega hefur dregið úr jákvæðni árið 2023. Lækkun meðaltala milli árána 2019 og 2023 sýnir að meira hefur dregið úr jákvæðni gagnvart áhrifum á samfélag og daglegt líf en efnahagslegum áhrifum. Jafnframt hafa verið meiri sveiflur verið á viðhorfum til áhrifa á samfélag og daglegt líf en til efnahagslegra áhrifa. Staðalfrávikin sýna breytileika í svörum innan hvers árs en þessi breytileiki hefur verið tiltölulega stöðugur yfir árin. Þrátt fyrir þessar sveiflur hafa viðhorf landsmanna almennt haldist stöðug.

Tafla 17 Lýsandi tölfraði fyrir þættina

	2017			2019			2023		
	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrv.	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrv.	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrv.
Efnahagsleg áhrif	1895	3,67	0,73	2311	3,75	0,75	2128	3,62	0,78
Áhrif á samfélag og daglegt líf	1917	3,62	0,76	2409	3,85	0,67	2200	3,66	0,70

Aðhvarfsgreining sýnir hvernig viðhorf landsmanna hafa breyst með tímanum með því að bera saman viðhorf á árunum 2017 og 2023 við viðmiðunarárið 2019 (tafla 18). Aðhvarfsgreiningin staðfestir marktæka lækkun á meðaltali við báða þættina og gefur til kynna breytingar á viðhorfum landsmanna. Lækkun aðhvarfsstuðlanna (β) gefur til kynna að landsmenn voru jákvæðari gagnvart efnahagslegum áhrifum árið 2019 en árið 2017 og dróst jákvæðnin enn meira saman árið 2023. Jákvæðni landsmanna gagnvart áhrifum á samfélag og daglegt líf var einnig mest árið 2019 en jókst aðeins árið 2023 miðað við 2017 þrátt fyrir að vera minni en árið 2019. Þetta bendir til þess að með tímanum hafi dregið úr jákvæðum efnahags- og samfélagslegum áhrifum ferðapjónustu.

Tafla 18 Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á mati á áhrifum ferðamanna og ferðapjónustu 2017-2023

Óháð breyta	Efnahagsleg áhrif (β)	Áhrif á samfélag og daglegt líf (β)
Ártal (Viðmið: 2019)		
2017	-0,08*	-0,23*
2023	-0,13*	-0,19*

* $p < 0,05$

6.1 Áhrifapættir í viðhorfum landsmanna 2017-2023

Til að meta viðhorf mismunandi hópa og tengsl annarra þátta sem geta mótað viðhorf landsmanna af ferðamönnum og ferðapjónustu í heimabyggðinni til lengri tíma var gerð línuleg aðhvarfsgreining á mati landsmanna á efnahagslegum áhrifum ferðamanna og ferðapjónustu og áhrifum á samfélag og daglegt líf. Líkt og áður eru metin tengsl milli bakgrunnspáttanna kyns, búsetu, aldurs, menntunar, stöðu á vinnumarkaði og hvort einstaklingar höfðu starf í ferðapjónustu meðan öðrum breytum er haldið stöðugum.

Tafla 19 veitir innsýn í hvernig viðhorf mismunandi hópa hafa þróast yfir árin 2017, 2019 og 2023. Meðal allra hópanna hafa orðið sömu breytingar og að ofan, þ.e. lækkun á meðaltali milli árána 2019 og 2023. Almennt er lítt munur á viðhorfum mismunandi hópa til efnahagslegra áhrifa. Þó svo að meiri breytileiki sé í viðhorfum mismunandi hópa gagnvart áhrifum á samfélag og daglegt líf er tilhneigingin í svörum samt sem áður svipuð. Í nokkrum tilfellum má sjá mun á viðhorfum mismunandi hópa. Þannig voru konur marktækt neikvæðari í viðhorfum en karlar á árunum 2017 og 2019 en sá munur er ekki lengur til staðar árið 2023. Einnig er munur á svörum mismunandi aldurshópa í könnunum þremur. Til að mynda var

elsti hópurinn, 60 ára og eldri, marktækt jákvæðari til efnahagslegra áhrifa 2017 og 2019 en munurinn er ekki lengur til staðar 2023. Þá var aldurshópurinn 30-44 ára neikvæðastur gagnvart áhrifum á samfélag og daglegt líf árið 2023.

Jafnvel þótt viðhorf mismunandi hópa hafi breyst með tímanum þá eru ákveðin mynstur í viðhorfum sem eru stöðug yfir árin. Fólk sem starfar ekki í ferðaþjónustu, fólk með minni menntun og ákveðnir aldurshópar eru almennt neikvæðari gagnvart áhrifum ferðaþjónustu á meðan aðrir hópar, eins og háskólamenntaðir og þeir sem starfa í ferðaþjónustu, eru jákvæðari.

Tafla 19 Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á mati á áhrifum ferðamanna og ferðaþjónustu 2017-2023

Óháðar breytur	Efnahagsleg áhrif (β)			Áhrif á samfélag og daglegt líf (β)		
	2017	2019	2023	2017	2019	2023
Kyn (Viðmið: Karlar)						
Kona	-0,08*	-0,08*	-0,04	-0,12*	-0,04	-0,01
Aldursflokkar (Viðmið: 18-29 ára)						
30-44 ára	0,05	0,06	-0,02	0,02	0,01	-0,14*
45-59 ára	0,06	0,07	-0,05	0,03	0,04	-0,10
60 ára og eldri	-0,04	0,03	-0,11	0,22*	0,20*	-0,04
Landshluti (Viðmið: Höfuðborgarsvæði)						
Austurland	0,04	0,04	0,13*	-0,08	-0,09	-0,11*
Norðurland	0,12*	0,07	0,02	0,09	-0,00	-0,04
Suðurland	0,11	0,13*	0,13*	-0,12	-0,15*	-0,12*
Suðurnes	0,16*	0,06	0,18*	0,14*	0,06	0,00
Vestfirðir	-0,05	-0,21*	0,03	0,00	-0,12*	0,03
Vesturland	-0,04	-0,12*	-0,20*	0,01	-0,12*	0,02
Menntun (Viðmið: Grunnskólapróf)						
Stúdentspróf eða iðnnám	0,07	0,11*	0,13*	-0,05	-0,01	0,11*
Annað starfsnám	-0,05	0,10	0,17*	-0,03	0,03	0,13*
Háskólapróf	0,18*	0,23*	0,26*	-0,02	0,01	0,11*
Starf (Viðmið: Launþegi)						
Sjálfst. starfandi/atvinnurekandi	0,14*	0,18*	0,15*	0,04	0,07	0,04
Í námi	0,02	0,01	-0,02	0,12	-0,07	0,04
Á eftirlaunum	-0,11*	-0,02	-0,11*	0,24*	0,23*	0,05
Annað	-0,17*	-0,11	-0,12	-0,06	-0,08	-0,02
Starfar við ferðaþjónustu (Viðmið: Já)						
Nei (starfar ekki við ferðaþj.)	-0,44*	-0,43*	-0,52*	-0,16*	-0,14*	-0,18*

* $p < 0,05$

Í töflu 19 má sjá hvernig viðhorf hafa breyst í landshlutunum. Viðhorf til áhrifa ferðamanna og ferðapjónustu á efnahag, samfélag og daglegt líf hafa gegnumgangandi verið jákvæðust á Suðurnesjum. Á Austurlandi og Norðurlandi hafa viðhorf til beggja þátta almennt verið stöðug og jákvæð þrátt fyrir að lítillega hafi dregið úr jákvæðni á Norðurlandi árið 2023. Á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu hafa viðhorf til efnahagslegra áhrifa gegnumgangandi verið jákvæð en 2023 dró nokkuð úr jákvæðni gagnvart áhrifum á samfélag og daglegt líf.

Vestfirðir eru eini landshlutinn þar sem trú á efnahagsleg áhrif ferðapjónustu jókst milli kannana og þar urðu einnig minnstar breytingar milli kannana á viðhorfum til áhrifa á samfélag og daglegt líf. Viðhorf til efnahagslegra áhrifa breyttust mest á Vesturlandi og urðu neikvæðari en áhrif á samfélag og daglegt líf eru óbreytt.

Til að meta tengsl upplifunar og daglegrar reynslu landsmanna á viðhorf þeirra var gerð aðhvarfsgreining á fjórum atriðum: hve oft landsmenn verða varir við ferðamenn í heimabyggðinni, viðhorfum þeirra til fjölda ferðamanna að sumri og vetri til og mati þeirra á áhrifum ferðamanna á lífsgæði sín. Í töflu 20 sést að það að landsmenn sem sjá ferðamenn 1-3 sinnum í viku eða sjaldnar eru almennt neikvæðari gagnvart áhrifum á efnahag, samfélag og daglegt líf en þeir sem sjá ferðamenn nær daglega. Þrátt fyrir þetta má sjá að aðhvarfsstuðlarnir (β) eru nokkuð svipaðir frá ári til árs sem bendir til þess að áhrifin af því að sjá ferðamenn sjaldnar en nær daglega eru stöðug.

Tafla 20 Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á upplifun landsmanna og áhrifum ferðamanna og ferðapjónustu 2017-2023

Óháðar breytur	Efnahagsleg áhrif (β)			Áhrif á samfélag og daglegt líf (β)		
	2017	2019	2023	2017	2019	2023
Verður var við ferðamenn (Viðmið: Nær daglega)						
1-3x í viku	-0,27*	-0,21*	-0,25*	0,13*	-0,21*	-0,25*
1-3 í mánuði eða sjaldnar	-0,42*	-0,49*	-0,50*	0,11	-0,49*	-0,50*
Viðhorf til fjölda ferðamanna að sumri (Viðmið: Hæfilegur fjöldi)						
Of/heldur fáir ferðamenn	-0,46*	-0,62*	-0,41*	-1,02*	-1,06*	-0,80*
Of/heldur margir ferðamenn	0,10*	0,13*	0,23*	0,25*	0,15*	0,32*
Viðhorf til fjölda ferðamanna að vetri (Viðmið: Hæfilegur fjöldi)						
Of/heldur fáir ferðamenn	0,09*	0,14*	0,03	0,38*	0,27*	0,32*
Of/heldur margir ferðamenn	-0,36*	-0,28*	-0,49*	-0,84*	-0,88*	-0,80*
Mat á áhrifum ferðamanna á lífsgæði íbúa (Viðmið: Engin áhrif)						
Lífsgæði versna	-0,31*	-0,44*	-0,45*	-1,00*	-1,10*	-0,98*
Lífsgæði batna	0,59*	0,61*	0,62*	0,42*	0,40*	0,44*

* $p < 0,05$

Mat á fjölda ferðamanna hefur hins vegar veruleg áhrif á viðhorf landsmanna sem sést á háum aðhvarfsstuðlum (β) í töflu 20. Svarendur sem töldu ferðamenn vera of/frekar fáa voru neikvæðari í viðhorfum gagnvart efnahagslegum áhrifum og áhrifum á samfélag og daglegt líf. Þetta gæti endurspeglað efnahagslegan eða samfélagslegan ávinning sem tengist ákveðnu stigi ferðaþjónustu. Á hinn bóginn eru svarendur sem telja ferðamenn of marga á sumrin jákvæðari til lengri tíma litið. Þetta bendir til þess að þessir svarendur tengi hærra fjölda ferðamanna við efnahagslegan ávinning eða aukið líf í samfélaginu. Þrátt fyrir það dregur lítillega úr þessum jákvæðu áhrifum eftir því sem tilfinningin um að fjöldi ferðamanna sé allt of mikill eykst.

Mat á fjölda ferðamanna að vetri til virðist hafa þveröfug áhrif. Þar sem ferðamenn eru fáir að vetri til eru svarendur jákvæðari í viðhorfum gagnvart öðrum áhrifum ferðaþjónustunnar á efnahag, samfélag og daglegt líf. Aftur á móti er fylgni milli neikvæðra viðhorfa og mats á of mörgum ferðamönnum að vetri til.

Sterkustu tengslin til langs tíma reyndust vera milli mats svarenda á áhrifum ferðamanna á lífsgæði í heimabyggðinni og beggja þáttanna. Aðhvarfsstuðlar við mat svarenda á áhrifum ferðamanna á lífsgæði voru háir og stöðugir milli ára sem bendir til þess að mat á lífsgæðum hafi veruleg áhrif á viðhorf svarenda til ferðamanna og ferðaþjónustu til lengri tíma. Svarendur sem töldu að lífsgæði þeirra hefðu versnað vegna ferðaþjónustu höfðu umtalsvert neikvæðari viðhorf gagnvart áhrifum ferðaþjónustu á efnahag, samfélag og daglegt líf. Jafnframt voru sterk tengsl milli mats á auknum lífsgæðum og jákvæðra viðhorfa.

7 UMRÆÐUR OG LOKAORÐ

Í þessari rannsókn eru könnuð þau margþættu áhrif sem ferðapjónusta og ferðamenn geta haft á samfélag heimamanna á Íslandi. Niðurstöðurnar draga fram flókið gangverk ferðapjónustunnar sem felur í sér bæði jákvæð áhrif hennar og neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa í heimabyggð til lengri tíma lítið. Í þessum síðasta kafla skýrslunnar eru helstu þræðir rannsóknarinnar teknir saman.

7.1 Ónæði hefur aukist og dregið úr almennri ánægju 2023

Nýjasta könnunin 2023 sýnir að um tveir af hverjum þremur landsmönnum sjá ferðamenn nær daglega í sinni heimabyggð og um níu af hverjum tíu landsmönnum sjá þá í hverri viku. Þetta þýðir, með öðrum orðum, að ferðamenn eru vel sýnilegir víða um land og landsmenn taka eftir þeim líkt og komið hefur fram í fyrri könnunum.

Viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðapjónustu hafa tekið breytingum frá síðustu könnun. Fækkað hefur í hópi þeirra sem telja ferðapjónustuna efnahagslega mikilvæga og eru jákvæðir í viðhorfum til áhrifa ferðapjónustu á atvinnufjölbreytni, samfélag og efnahag. Þá hefur ónæði vegna ferðamanna einnig aukist lítillega. Dregið hefur úr almennri ánægju með ferðapjónustu í samfélaginu sem og trú íbúa á sjálfbærni ferðapjónustunnar. Þá hefur hlutfall landsmanna sem þykir fjöldi ferðamanna vera of mikill að sumri og vetri til aldrei verið hærra. Skiptar skoðanir voru um mismunandi aðgerðir sem hafa áhrif á fjölda ferðamanna. Landsmenn skiptust í tvær fylkingar um hvort nauðsynlegt væri að takmarka komur ferðamanna til landsins en þó var hlutfall íbúa sem var á móti takmörkunum ívið hærra en þeirra sem töldu þær nauðsynlegar. Rúmlega helmingur íbúa (55%) taldi þó nauðsynlegt að takmarka komur skemmtiferðaskipa til landsins. Meirihluti (57%) íbúa reyndist, hins vegar, vera fylgjandi áframhaldandi markaðssetningu til að laða að fleiri ferðamenn.

Í könnuninni 2023 voru landsmenn jákvæðastir gagnvart áhrifum ferðapjónustu á þróun samfélags og efnahags. Jákvæðustu hliðarnar tengdust samfélags- og efnahagsþróun, svo sem tækifærum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög til að efla atvinnulíf í heimabyggð, aukinni afþreyingu og þjónustu og auknu lífi í samfélaginu. Hins vegar voru skiptari skoðanir um félags- og umhverfisleg áhrif af fjölda og hegðun ferðamanna sem ber að taka alvarlega. Má þar nefna þætti á borð við of mikinn fjölda í tilteknum aðstæðum, álag á innviði og umhverfisspjöll.

Nokkur munur var á viðhorfum mismunandi hópa. Karlar voru líklegri en konur til að vera jákvæðir í viðhorfum. Svarendur sem tilheyrðu elsta aldurshópnum (60 ára og eldri) voru almennt jákvæðari samanborið við yngri svarendur og voru viðhorfin jákvæðari með hærra menntunarstigi. Munur var á svörum eftir búsetu en íbúar á Suðurnesjum voru jákvæðastir. Einstaklingar sem starfa við ferðaþjónustu voru jákvæðari en aðrir.

Landsmenn sem telja ferðamenn hafa jákvæð áhrif á lífsgæði sín voru marktækt jákvæðari í viðhorfum en þeir sem töldu ferðaþjónustu skerða lífsgæði. Þetta kemur heim og saman við fjölmargar erlendar rannsóknir um mikilvægi jákvæðra tengsla milli lífsgæða og ferðaþjónustu (Bändoi o.fl., 2020; Gursoy, Ouyang og Wei, 2019; Nunkoo og Gursoy, 2017) og er í góðu samræmi við niðurstöður fyrri landskannana (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020).

Tengsl eru einnig á milli viðhorfa og mats á fjölda ferðamanna í heimabyggð. Þeir svarendur sem telja of marga erlenda ferðamenn vera í sinni heimabyggð sumar og vetur eru líklegri til að vera neikvæðari í viðhorfum gagnvart áhrifum ferðaþjónustu á samfélags- og efnahagsþróun, ávinningi ferðaþjónustu fyrir heimabyggðina og félags- og umhverfislegum áhrifum ferðaþjónustunnar. Þetta samband milli mats á fjölda ferðamanna og neikvæðra viðhorfa er vel þekkt í rannsóknum bæði hér innanlands (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020) og í erlendum rannsóknum (Suess, Baloglu og Busser, 2020; Zhu og Li, 2019; Kim, Uysal og Sirgy, 2023, Nunkoo og Gursoy, 2012). Hins vegar vekur það eftirtekt að stuðningur landsmanna við aðgerðir sem hafa áhrif á fjölda ferðamanna er ekki jafn afgerandi og sést hefur í erlendum rannsóknum (Diedrich og García-Buades, 2009; Martin, Martínez og Fernandez, 2018). Þá ber einnig að nefna að tæplega 80% landsmanna telja ávinning af ferðaþjónustunni vega meira en kostnaðinn sem af henni hlýst. Þrátt fyrir auknar áhyggjur landsmanna af tilteknum neikvæðum áhrifum og misjafnar skoðanir gagnvart takmörkunum virðist ávinningurinn liggja í augum uppi og er meirihluti landsmanna fylgjandi því að ferðaþjónustan haldi áfram að dafna.

7.2 Stöðugleiki í viðhorfum til lengri tíma litið

Greining á langtímaþróun og breytingum í viðhorfum landsmanna á tímabilinu 2017-2023 staðfestir að dregið hefur úr trú manna á jákvæðum efnahags- og samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að niðursveiflur og samdráttur á jákvæðum áhrifum hafa ekki haft neinar róttækar breytingar á viðhorfunum í för með sér. Viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu eru ennþá jákvæð. Enn fremur leiðir rannsóknin

í ljós að þrátt fyrir miklar sveiflur í umhverfi ferðapjónustunnar og í fjölda ferðamanna, m.a. vegna kórónuveirufaraldursins, hafa áhrif á samfélag til lengri tíma ekki sveiflast með.

Þrír þættir hafa mest áhrif á viðhorf landsmanna til lengri tíma litið sem hafa þó ekki allir jafn mikil áhrif. Sá fyrsti tengist því hve oft íbúar verða varir við ferðamenn í heimabyggðinni. Landsmenn sem sáu ferðamenn nánast daglega voru jákvæðari í viðhorfum en þeir sem sáu ferðamenn sjaldnar. Þetta er í góðu samræmi við niðurstöður fyrri kannana og bendir til þess að því meira sem íbúar verða varir við ferðamenn því jákvæðari séu þeir (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020). Jafnframt bendir þetta til þess að fleiri þættir en bein reynsla geti ýtt undir neikvæð viðhorf sem ástæða væri til að rannsaka nánar. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að jákvætt samband er á milli viðhorfa og þess að mæta ferðamönnum oft í daglega lífinu (Andereck og Nyaupane, 2011; Gursoy og Rutherford, 2004). Bent hefur verið á að neikvæð viðhorf þurfa ekki endilega að tengjast beinni reynslu einstaklinga. Sem dæmi geta víðtækari samfélagsmál á borð við álag á innviði, umhverfi og efnahagslegan ójöfnuð ýtt undir neikvæð viðhorf (Lankford og Howard, 1994; Fredline og Faulkner, 2000). Óbein reynsla frá fjölmiðlaumfjöllun og öðru umtali í samfélaginu getur einnig mótað viðhorf (McGehee & Andereck, 2004). Umræða s.s. á samfélagsmiðlum getur þannig magnað upp neikvæðar raddir, jafnvel á áfangastöðum þar sem viðhorf íbúa eru almennt jákvæð. Rannsóknir hafa sýnt að neikvæðar athugasemdir og tjáning neikvæðra viðhorfa getur fengið meiri athygli en þær jákvæðu og ýtt frekar undir þátttöku í umræðu (Kuščer og Mihalič, 2019; Liu o.fl., 2017). Fyrir vikið geti borið meira á andstöðu en niðurstöður rannsókna á viðhorfum íbúa sýna. Það er jafnframt áminning um að viðhorf íbúa eru flókin og geta verið knúin af ýmsum þáttum sem þurfa ekki að hafa neitt með persónulega upplifun af ferðamönnum að gera.

